

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSA YFIRHEYRS LA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	RLS
Skýrslu gerir 9813 Birgir Jónasson, löggreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	V/1.21
Staður og stund: Föstudagur 10. júní 2005 kl. 8:20 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík		
Sakarefni: Rannsókn á ætluðum brotum forráðam. Baugs hf. og skyldra félaga – Vöruveltan hf./Litla fasteignafélagið ehf.		
Sakborningur/grunaður: Tryggvi Jónsson	Kennitala: 140755-2739	
Starf/staða: Fyrverandi aðstoðarforstjóri Baugs hf.	Vinnusími:	
Löghemili: Vesturhúsum 22, 112 Reykjavík	Sími:	567 6363
Dvalarstaður:	Sími:	

Tryggvi Jónsson er mættur til yfirheyrsli á skrifstofu Ríkislöggreglustjórans samkvæmt boðun. Honum er kunngert um tilefni yfirheyrlunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og skyldra félaga í tengslum við kaup hlutafjár í Vöruveltunni hf. á árunum 1998 og 1999. Enn fremur er til rannsóknar ætluð refsiverð háttsemi er lýtur að kaupum og sölu fasteigna til og frá Litla fasteignafélaginu ehf. á árunum 1998 og 1999.

Tryggvi nýtur réttarstöðu sakbornings við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en hann gegndi starfi aðstoðarforstjóra Baugs hf. á því tímabili sem ætluð brot eru talin hafa verið drýgð.

Tryggva er kunngerð réttarstaðan um að honum sé óskyld að svara spurningum um þá ætluðu refsiverðu háttsemi sem hann verður yfirheyrður um, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Brýnt er fyrir Tryggva að ef hann kjósi að tjá sig um hið ætlaða sakarefni að skýra þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunni að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991.

Aðspurður segir Tryggvi að hann skilji þau ákvæði réttarfarsлага er honum hafa verið gjörð kunn. Með Tryggva er mættur Andri Árnason, hæstaréttarlögmaður og dómskipaður verjandi Tryggva við hina opinberu rannsókn málsins.

Tryggva er kunngert að samkvæmt 3. mgr. 33. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og reglugerðar um réttarstöðu handtekinna manna og yfirheyrluna hjá löggreglu nr. 395/1997 geti hann ráðfært sig við málsvara sinn áður en hann svarar spurningu við yfirheyrluna, sem beint er til hans, svo fremi sem yfirheyrandi telji það eigi trufla yfirheyrluna.

Viðstaddir og þátttakandi í yfirheyrlunni er Sveinn Ingiberg Magnússon, löggreglufulltrúi. Yfirheyrslan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Tryggva og svör hans við þeim síðan bókuð eftir honum í óbeinni ræðu. Tryggva verður við yfirheyrluna gefinn kostur á að kynna sér umrædd fyrirliggjandi gögn. Enn fremur verður honum gefinn kostur á að hrekja þær forsendur sem grunur er reistur á og koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

Ætlaður fjárdráttur

Tryggva er kunngert að hann sé grunaður um að hafa, ásamt Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, 8. október 1998 látið millifæra af bankareikningi nr. 1151-26-000156, í eigu Baugs-Aðfanga ehf., dótturfélags hlutafélagsins Baugs, kr. 200.000.000 inn á bankareikning í eigu SPRON, númer 1151-26-000999, þar sem þeir fengu útgefna bankaávísun sömu fjárhæðar, stílaða á Helgu Gísladóttur. Tryggva er kunngert að hann sé grunaður um að hafa ásamt Jóni Ásgeiri afhent Eiríki Sigurðssyni, eiginmanni Helgu, sem eiganda alls hlutafjár í Vöruveltunni hf. umrædda bankaávísun til greiðslu samkvæmt kaupsamningi dagsettum 7. október 1998, þar sem Helga Gísladóttir seldi Jóni Ásgeiri fyrir hönd ótilgreindra kaupenda

06692

J

allt hlutafé í Vöruveltunni hf., en bankaávísunin var innleyst 9. október 1998 og andvirði hennar lagt inn á bankareikning Helgu nr. 0327-26-001708. Með þessu er Tryggvi grunaður um að hafa, ásamt Jóni Ásgeiri, dregið sér umrædda fjármuni úr sjóðum Baugs-Aðfanga ehf., en ætluð refsiverð háttsemi er talin kunna varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Tryggvi er spurður um afstöðu til þess ætlaða sakarefnis sem honum hefur nú verið kynnt; hvort hann vilji tjá sig sjálfstætt um það, hrekja það eða koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

Tryggvi segir að hann neiti þessum sakargiftum alfarið og telji þær af og frá. Tryggvi segir að hann hafi á sínum tíma farið yfir þetta mál hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins, en það hafi komið fram að honum hafi verið ókunnugt um þennan samning frá 7. október 1998. Tryggvi segir að hann vilji sérstaklega áréfta að hann kannist ekkert við tékka frá SPRON að fjárhæð 200 milljónir.



Gögn frá hlutafélagaskrá

Baugur hf.

Tryggva er sýnd samantekt Ríkislöggreglustjórans á upplýsingum úr hlutafélagaskrá um stofnun, stjórn og feril breytinga á skipan stjórnar og fleira í Baugi Group hf. (áður Baugur hf.) Samkvæmt umræddri samantekt er Tryggvi sagður hafa gegnt starfi aðstoðarforstjóra Baugs hf. frá stofnun félagsins, dags. 7. júlí 1998, og til 3. júní 2002 en þá er hann sagður hafa tekið við sem forstjóri félagsins. Samantektin nær fram að þeim tíma.

- Skjal málssins nr. II/16.1

Tryggvi er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Tryggvi segir að hann geri engar athugasemdir við þessa samantekt.

Baugur-Aðföng ehf.

Tryggva er sýnd samantekt Ríkislöggreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar o. fl. í Baugi-Aðföngum ehf. Samantektin er byggð á upplýsingum sem Ríkislöggreglustjórinna aflaði frá hlutafélagaskrá. Samkvæmt samantektinni hefur Baugur sf. orðið að Baugi-Aðföngum ehf., dags. 30. júní 1998. Baugur-Aðföng ehf. hefur síðan sameinast Baugi hf., dags. 30. nóvember 1998, samkvæmt samrunaáætlun þar að lítandi. Samkvæmt téðri samantekt er Tryggvi sagður hafa gegnt starfi endurskoðanda hjá féluginu á tímabili frá 28. júlí 1994 og til 30. júní 1998. Tryggvi er enn fremur sagður hafa gegnt starfi stjórnarmanns féluginu frá 30. júní 1998 til 30. nóvember 1998.

- Skjal málssins nr. II/25.9.0

Tryggvi er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Tryggvi segir að hann minnist þess ekki að nein starfsemi hafi verið hjá þessu félagi, en samkvæmt því sem hann best muni hafi þessi samruni verið miðaður við 30. júní 1998. Tryggvi segir að þarna hafi einungis stjórn verið skipuð til bráðabirgða og sem áður segir hafi í raun engin starfsemi verið hjá féluginu. Þetta félag hafi í raun verið að forminu til fram að samruna, en starfsemin hafi öll verið hjá Baugi hf.

Vöruveltan hf. (síðar Tíu ellefu hf.)

Tryggva er sýnd samantekt Ríkislöggreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar o. fl. í Vöruveltunni hf. (síðar Tíu ellefu hf.). Samantektin er byggð á gögnum sem Ríkislöggreglustjórinna aflaði frá hlutafélagaskrá. Samkvæmt samantektinni hefur nafni Vöruveltunnar hf. verið breytt í Tíu ellefu hf. 23. desember 1998. Tíu ellefu hf. hefur síðan runnið inn í Baug hf. samkvæmt samrunaáætlun 8. júní 2000. Samkvæmt samantektinni er Tryggvi sagður hafa gengt starfi stjórnarmanns í Tíu ellefu hf. á tímabili frá 15. ágúst 1999 til 8. júní 2000.

- Skjal málssins nr. II/25.10.0

Tryggvi er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Tryggvi segir að hann telji að þessar upplýsingar séu réttar, án þess að hann muni það sérstaklega.

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir starfsemi þessa félags.

Tryggvi segir að hann muni það ekki sérstaklega, en líklega hafi þetta félag verið rekið sjálfstætt fram að samruna við Baug hf. á árinu 2000.

Klukkubúðir hf. (síðar Vöruveltan hf.)

Tryggva er sýnd samantekt Ríkislöggreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar o. fl. í Klukkubúðum hf. (síðar Vöruveltan hf.). Samantektin er byggð á gögnum sem Ríkislöggreglustjórinna aflaði frá hlutafélagaskrá. Samkvæmt samantektinni hefur umrætt félag verið stofnað 4. desember 1998. Nafni

félagsins hefur síðan verið breytt í Klukkubúðir 23. desember 1998, en félagið hefur síðan runnið inn í Baug hf. 8. júní 2000 samkvæmt samrunaáætlun. Samkvæmt samantektinni er Tryggvi sagður hafa setið í stjórn félagsins frá 15. ágúst 1999 og til 8. júní 2000.

- Skjal málssins nr. II/25.11.0

Tryggvi er spurður hvort þessar upplýsingar séu réttar.

Tryggvi segir að hann telji að svo sé. Tryggvi segir að samkvæmt því sem hann best muni hafi rekstri Vöruveltunnar hf. verið skipt upp í tvö félög, annars vegar Klukkubúðir sem annast hafi rekstur verslana 10-11 og hins vegar Litla fasteignafélagið ehf. sem annast hafi rekstur fasteigna 10-11. Tryggvi segir að ef til vill kunni Jón Scheving Thorsteinsson geti gefið hvað gleggstar upplýsingar um rekstur „gómlu“ Vöruveltuna. Svo kunni þó að vera að gamla félaginu hafi ekki verði formlega skipt upp, heldur eignir seldar, en of langt sé um liðið til að hann muni það nákvæmlega.

Aðspurður segir Tryggvi að hann hafi haft einhverja aðkomu að þessu, en hann hafi á sínum tíma fengið Aðalstein Hákonarson til að annast endurskoðun fyrir þetta félag.



Vöruveltan hf. – kaup á hlutabréfum**Kaupsamningur, dags. 7. október 1998**

Tryggva er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. kt. 511091-1369, að nafnvirði 4.600.000,- króna, dags. 7. október 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu seljandi, Helga Gísladóttir kt. 170857-2089 fyrir sína hönd og/eða hlutafélags sem eigenda 100% hlutafjár í Vöruveltunni hf. og umboðsmaður kaupanda, Jón Ásgeir Jóhannesson kt. 270168-4509, með sér samning um kaup á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. Kaupsamningurinn er undirritaður af Helgu Gísladóttur, Eiríki Sigurðssyni og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og vottaður af Grétari Haraldssyni kt. 060335-7299, hæstaréttarlögmanni og Ragnari Tómassyni kt. 300139-7019, lögfræðingi. Umsamið kaupverð alls hlutafjárins var sagt vera kr. 1.150.000.000,- og skyldi greiðast eftirfarandi:

- Skjal málssins nr. II/50.2

1. Hinn 8. október 1998	kr.	200.000.000,-
2. Hinn 5. nóvember 1998	kr.	800.000.000,-
3. Með víxli pr. 1. 3. 1999 (verðbætur gerðar upp sér)	kr.	150.000.000,-
-----		Kr. 1.150.000.000,-

Tryggvi er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þennan samning þegar hann var gerður.

Tryggvi segir að hann vilji svara þessar spurningu með vísan til umfjöllunar hjá skattransóknarstjóra ríkisins; á þá leið að honum hafi ekki verið kunnugt um þennan samning og að hjá skattransóknarstjóra hafi hann séð þennan samning í fyrsta skipti.

Aðspurður segir Tryggvi að hann hafi ekki haft vitneskju um hvernig þessi samningur var fjármagnaður af kaupanda – ekki fyrr en hjá skattransóknarstjóra.

Greiðsla á kr. 200.000.000, sem fara átti fram 8. október skv. kaupsamningi 7. október 1998

Tryggva er sýnt afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna greiðslu á kr. 200.000.000, dags. 8. október 1998. Tryggva er samhliða þessari afrituðu kvittun sýnt afrit af reikningsfirliti Baugs-Aðfanga ehf.¹ nr. 1151-26-156, dags. 30. september 1998; ljósrit af tékka, útgefnum af SPRON, stíluðum á Helgu Gísladóttur og framseldur af sömu, dags. 8. október 1998; afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna innlagnar á kr. 200.000.000 á reikning Helgu Gísladóttur nr. 0327-26-001706, dags. 9. október 1998.

- Skjal málssins nr. II/50.2.1, II/50.2.2, II/50.2.3 og II/50.2.4

Tryggva er kunngert að grunur sé um að þetta hafi verið fyrsta greiðslan samkvæmt kaupsamningum. Grunur er um að greiðslan hafi í fyrstu verið fjármögnud þannig að kr. 200.000.000 voru teknar af reikningi frá Baugi-Aðföngum ehf. (dótturfélagi Baugs hf.), nr. 1151-26-000156 og umrædd fjárhæð í framhaldi lögð inn á bankareikning SPRON nr. 1151-26-009999. SPRON hafi síðan útbúið tékka í eigin nafni stílaða á Helgu Gísladóttur. Fyrir liggur að tékkinn var innleystur 9. október 1998, og fjárhæðin lögð inn á reikning Helgu nr. 0327-261708.

Tryggvi er spurður hvort þetta hafi verið fyrsta greiðslan samkvæmt kaupsamningi, dags. 7. október 1998.

Tryggvi segir að hann hafi ekki vitneskju um það.

¹ Hér virðist hafa verið gerð nafnabreyting á umræddum reikningi, en hann bæði Baugur-Aðföng ehf. og Baugur sf. eru sögð vera reikningseigendur.

Tryggvi er spurður hvort að hann eða Jón Ásgeir hafi fengið þessa fjármuni að láni frá Baugi-Aðföngum ehf.

Tryggvi segir að hann hafi ekki fengið þessa fjármuni að láni og viti ekki til þess að Jón Ásgeir hafi fengið þá. Tryggvi segir að hann tengi þessa fjárhæð samstarfi milli Aðfanga og Vöruveltunnar hf. á þessum tíma. Eftir á kunni þetta annaðhvort að hafa verið greiðsla á lager Vöruveltunnar hf. eða „brúarlán“ vegna þeirra viðskipta.

Aðspurður segir Tryggvi að það sé alveg ljóst að hann hafi ekki tekið ákvörðun um að ráðstafa þessari fjárhæð, heldur ákvörðun um það tekin af hans yfirmanni, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni.

Tryggvi er spurður hvort þessi ráðstöfun hafi sérstaklega verið rædd á stjórnarfundi hjá Baugi-Aðföngum ehf.

Tryggvi segir að stjórn Baugs-Aðfanga hafi verið til málamynda sem áður segir og hafi því engir stjórnarfundir verið hjá félagini.

Tryggvi er spurður hvernig gerð hafi verið grein fyrir þessari fjárhæð í bókhaldi Baugs-Aðfanga ehf.

Tryggvi segir að hann hafi enga vitneskju um það.

Tryggvi er spurður hvort honum sé kunnugt um hvort stjórn Baugs hf. hafi verið kunnugt um þessa ráðstöfum.

Tryggvi segir að hann muni ekki eftir því að þetta hafi verið rætt sérstaklega á stjórnarfundum, en í því sambandi sé hægt að skoða fundargerðir stjórnar. Tryggvi segir að honum hafi ekki verið kunnugt um hvort eintaka stjórnmönnum hafi verið kunnugt um þetta.

Tryggvi er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um hvort þessi fjárhæð hafi verið endurgreidd til Baugs-Aðfanga ehf. og þá með hvaða hætti.

Tryggvi segir að þessi fjárhæð hafi verið endurgreidd. Tryggvi segir að hann muni það ekki sérstaklega, en hins vegar hafi honum verið kunngert um það hjá skattransóknarstjóra ríkisins að hluti þessarar fjárhæðar hafi verið endurgreiddur með greiðslu frá Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni vegna uppgjörs við þau.

Tryggva er sýnt afrit af hreyfingalista Baugs Group/Aðfanga – viðskiptamannahreyfingar og fjárhagshreyfingar; útprentun úr bókhaldi Baugs hf. á hreyfingalista viðskiptamanns frá 1. jan. 1998 til 31. des. 2000 og útprentun úr bókhaldi Baugs hf. á hreyfingalista lánardrottna frá 1. jan. 1998 til 31. des. 2000. Samkvæmt umræddum gögnum hafa kr. 200.000.000 verið færð sem „lán“ til Baugs hf., dags. 8. október 1998. Samkvæmt upplýsingum úr bókhaldi Baugs hf. á þessum tíma verður ekki séð að umrædd fjárhæð hafi verið tekin að láni hjá Baugi-Aðföngum.

- Skjöl málins nr. II/50.2.5 til II/50.2.7

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir þessu.

Tryggvi segir að hann hafi engar skýringar á þessu.

Tryggvi er spurður hvers vegna kr. 200.000.000 hafi þarna verið rangfærðar sem „lán“ til Baugs hf. eins og þarna virðist hafa verið gert.

Tryggvi segir að hann hafi engar skýringar á þessu og þekki ekki bókhaldslega meðferð á þessum 200 milljónum. Tryggvi segir að væntanlega hafi þetta frekar átt að bökast sem lán til Helgu og Eiríks en Baugs hf., hafi verið um lán að ræða.

Tryggva er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Ingibjargar Stefánsdóttur hjá Ríkislöggreglustjóranum, dags. 6. júní 2005. Ingibjörg var þá beðin að gera grein fyrir hvers vegna umrædd fjárhæð hafi verið færð í bókhald Baugs-Aðfanga ehf. sem „lán“ til Baugs hf.:
- Óskjalmerkt

Ingibjörg segir að samkvæmt því sem hún best muni hafi þetta verið lán vegna kaupa á 10-11. Ingibjörg segir að Tryggvi Jónsson hafi óskað eftir þessu láni, en hann hafi þá skýrt frá því að verið væri að kaupa Vöruveltuna hf. og því vantaði þessa fjármuni. Ingibjörg segir að það hafi ekki þótt óeðlilegt þar sem félögin hafi oft á tíðum lánað hvort öðru. Ingibjörg segir að hún hafi á síðari stigum átt samskipti við Lindu Jóhannsdóttur, fjármálastjóra Baugs hf., vegna þessa máls. Ingibjörg segir að samkvæmt því sem hún best muni hafi hún og Linda hafi ekki verið sammála um hvernig ætti að stemma þessa fjárhæð af, en það hafi verið vegna vaxtafjárhæðar. Ingibjörg segir að Aðföng hafi fengið þá vaxtafjárhæð, en samkvæmt því sem hún best muni hafi Tryggvi Jónsson tekið ákvörðun um það. Ingibjörg segir að samkvæmt því sem hún best muni hafi hún útbúið fylgiskjal í bókhaldi Aðfanga [svo] vegna þessarar fjárhæðar þar sem komið hefði fram að þetta væri lán vegna 10-11.

Tryggvi er spurður um afstöðu til þessa framburðar Ingibjargar.

Tryggvi segir að þessi framburður sé á sömu lund hjá Ingibjörgu og var hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Tryggvi segir að hann vilji vísa í þá umfjöllun sem var hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna málsins, þ. e. að honum hafi ekki verið kunnugt um þetta og ekki tekið ákvörðun um að þessi fjárhæð skyldi greiðast af þessum reikningi.

Aðspurður segir Tryggvi að hann muni ekki til þess að hafa tekið ákvörðun um vaxtafjárhæð, en miðað við framburð Ingibjargar hafi hann þá verið að gaeta hagsmunu Baugs hf. Tryggvi segir að augljóst sé að fyrst greiddir hafi verið vextir hafi hann litið á þetta sem brúarlán.

[Við yfirlestur skýrslunnar, þá á grundvelli vitneskju sem Tryggva fékk eftir yfirferð gagna, vildi Tryggvi að fram kæmi að viðskiptasamningur Vöruveltunnar hf. og Baugs-Aðfanga hafi verið gerður 16. október 1998. Tryggvi segir að það kunni að renna stoðum undir að eðlilegt hafi verið að Aðföng færði kröfuna á Baug, þar sem Baugur hefði hag af þessum viðskiptasamningi, en það hafi verið forstjóri Baugs sem haft hefði forgöngu um samninginn.]

Fyrri endurgreiðsla að fjárhæð kr. 100.000.000

Tryggva er sýnt afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna innlagningar á kr. 116.356.027,86 inn á reikning Baugs-Aðfanga ehf., dags. 4. desember 1998; afrit af samriti reikningsyfirlita Íslandsbanka á reikningi nr. 0515-26-014044, dags. 4. desember 1998; afrit af tékka Íslandsbanka, stíluðum á Eirík Sigurðsson, að fjárhæð kr. 116.356.027,86, dags. 3. desember 1998; afrit af úttektarnótum Íslandsbanka, dags. 3. desember 1998; afrit af handrituðu blaði með ýmsum upplýsingum um fjárhæðir, þ. á m. kr. 200.000.000 og 116.356.027,86, ódagsett; afrit af yfirlýsingum Ragnars Tómassonar um að hafa í lok árs 1998 eða byrjun árs 1999 fengið greiðslu að fjárhæð ca 13 milljóna króna fyrir að hafa haf milligöngu um sölu á Vöruveltunni hf., dags. 2. júlí 2004 og afrit af tékka að fjárhæð kr. 12.671.246 og útgefnum af Ingibjörgu Stefáns, dags. 30. desember 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.3.1, II/50.3.2, II/50.3.3, II/50.3.4, II/50.3.5 og II/50.3.6

Grunur er um að kr. 100.000.000 af þessari fjárhæð, kr. 116.356.028, hafi verið endurgreiðsla á helmingi þeim 200.000.000 kr. sem greiddar voru 8. október 1998. Umrædd fjárhæð var lögð inn á reikning Baugs-Aðfanga ehf. í tengslum við uppgjör Íslandsbanka hf. og Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar

á sölu 40 % eignarhlut í Vöruveltunni hf. samkvæmt samningi þeirra frá 10. nóvember 1998 (þar af 35 % til Eignarhaldsfélags Alþýðubankans (27,14 %), Lífeyrissjóðsins Lífiðnar (2,86 %) og Landsbréfa (5 %) og 5 % til Íslandsbanka hf.), sbr. skjöl málsins II/50.7 og II/50.7.1. Samkvæmt því sem fram kemur á viðskiptakvittun vegna þessarar innborgunar er skýring greiðslunnar sögð vera „GREIÐSLA /YFIRDR.“

Tryggvi er spurður hvort þetta hafi verið vegna greiðslu til baka á helmingi fjárhæðarinnar samkvæmt samningi frá 7. október 1998.

Tryggvi segir að honum hafi ekki verið kunnugt um það. Tryggvi segir að hann hafi verið upplýstur um þetta hjá skatstrannsóknarstjóra ríkisins í fyrsta skipti á árinu 2004.

Tryggva er sýnt afrit af hreyfingalista Baugs Group – viðskiptamannahreyfingar og fjárhagshreyfingar. Samkvæmt umræddum hreyfingalista verður ekki séð þessi fjárhæð hafi verið færð í bókhald Baugs-Aðfanga ehf. sem endurgreiðsla á láni frá Baugi hf.

- Skjöl málsins nr. II/50.2.5

Tryggvi er beðinn um skýringar á því.

Tryggvi segir að þetta hafi aldrei komið inn á borð til hans og hafi hann því engar skýringar á því, enda ekki verið kunnugt um þetta mál.

Síðari endurgreiðsla að fjárhæð kr. 100.000.000

Tryggva er sýnt afrit af lánasamningi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Þorsteins M. Jónssonar við Kaupþing hf. fjárfestingarbanka vegna lántökuheimildar að heildarfjárhæð kr. 100.000.000, dags. 21. desember 1998. Samhliða lánasamningnum er Tryggva sýnt afrit af bréfi Kaupþings Búnaðarbanka hf. til skatstrannsóknarstjóra ríkisins vegna 100 millj. útgreiðslu af reikningi 1100-26-1505 inn á reikning 1151-26-156 hinn 21. desember 1998, dags. 1. júní 2004; afrit af reikningsyfirliti Baugs-Aðfanga ehf. nr. 1151-26-156, dags. 28. desember 1998 og afrit af tilkynningu um millifærslu inn á reikning Baugs-Aðfanga ehf. nr. 1151-26-156 á kr. 100.000.000 frá Kaupþingi hf., dags. 21. desember 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.4.1, II/50.4.2, II/50.4.3 og II/50.4.4

Grunur er um að þessi greiðsla frá 21. desember 1998, að fjárhæð kr. 100.000.000 frá Kaupþingi hf. inn á reikning Baugs-Aðfanga ehf., hafi verið greiðsla til baka á síðari helmingi 200 milljón króna upphafsgreiðslunnar.

Tryggvi er spurður hvort þetta hafi verið vegna greiðslu til baka á helmingi fjárhæðarinnar samkvæmt samningi frá 7. október 1998.

Tryggvi segir að hann hafi ekki vitneskju um það, en hann sé að sjá þessa pappíra í fyrsta skipti. Aðspurður segir Tryggvi að honum hafi ekki verið kunnugt þessa lánveitingu.

Tryggva er sýnt afrit af hreyfingalista Baugs Group – viðskiptamannahreyfingar og fjárhagshreyfingar. Samkvæmt umræddum hreyfingalista er umrædd greiðsla auðkennd Baugi hf. þannig að sem um greiðslu frá Baugi hf. hafi verið að ræða.

- Skjöl málsins nr. II/50.2.5

Tryggvi er beðinn um skýringar á því.

Tryggvi segir að hann kunni engar skýringar á því.

**Aðrar greiðslur skv. kaupsamningi frá 7. október 1998 og fjármögnun þeirra
Ætluð fjárvík og/eða umboðssvik**

Tryggva er kunngert hann sé grunaður um að hafa sem aðstoðarforstjóri Baugs hf., ásamt Jóni Ásgeiri forstjóra Baugs hf., blekkt stjórn félagsins til að ganga til samninga og kaupa allt hlutafé í Vöruveltunni hf. á stjórnarfundi í Baugi hf., dags. 20. maí 1999. Tryggvi er, ásamt Jóni Ásgeiri, grunaður um að hafa við samningsgerðina og endanleg kaup hlutafjár fyrir samtals um 1.474 milljónir króna, leynt stjórn félagsins því að Jón Ásgeir var frá 7. október 1998 sjálfur raunverulegur stjórnandi, eigandi og umboðsmaður annarra sem áttu eða réðu féluginu, frá því að Jón Ásgeir gerði bindandi samning um kaup á öllu hlutafé í Vöruveltunni hf., dags. 7. október 1998, að nafnvirði 4.600.000 fyrir kr. 1.150.000.000, með viðbótargreiðslu að andvirði 100.000.000 samkvæmt viðbótsamningi hans við seljendur, dags. 5. júní 1999. Tryggva er kunngert að hann sé, ásamt Jóni Ásgeiri, grunaður um að hafa fengið hjónin Eirík Sigurðsson og Helgu Gísladóttur til að koma fram líkt og þau væru raunverulegir eigendur Vöruveltunnar hf. frá 7. október 1998 til 21. maí 1999, þ. á m. gagnvart Íslandsbanka hf. sem kom að fjármögnun á kaupum Vöruveltunnar hf.

Ætluð bókhaldsbrot

Tryggva er enn fremur kunngert að grunur sé um að drýgð hafi verið brot er kunna að varða við ákvæði bókhaldslaga nr. 145/1994, þá aðallega er lýtur að einkahlutaféluginu Fjárfari, sem hafði aðkomu að fjármögnun Jóns Ásgeirs í Vöruveltunni hf.

Tryggvi er spurður um afstöðu til þess ætlaða sakarefnis sem honum hefur nú verið kynnt; hvort hann vilji tjá sig sjálfstætt um það, hrekja það eða koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

Tryggvi segir að hann neiti alfarið þessum sakargiftum og vísi þeim alfarið á bug. Tryggvi segir að forsaga þessa máls sé að hann hafi um mánaðamót október/nóvember 1998 farið á fund hjá Íslandsbanka hf. Tilefni fundarins hafi verið að reyna í samstarfi við Íslandsbanka hf. að finna fjárfesta, vinveitta Baugi hf., sem áhuga hefðu á að kaupa hlut í Vöruveltunni hf., en á þeim tíma hafi legið fyrir áhugi eigenda að selja félagið og setja það á markað um vorið 1999. Tryggvi segir að fyrir hafi legið á þeim tíma samningur milli Aðfanga og Vöruveltunnar hf. um innkaupasamstarf, en hann muni ekki nákvæmlega hvort sá samningur hafi verið munnlegur eða skriflegur á þeim tíma. Tryggvi segir að hann muni heldur ekki hvort innkaupasamstarf félaganna hafi formlega verið hafið á þessum tíma.

[Síðar við yfirheyrsluna var upplýst um að skriflegur samningur hafi verið gerður milli Baugs-Aðfanga og Vöruveltunnar hf., dags. 16. október 1998.]

Tryggvi segir að hann hjá Íslandsbanka hafi hann a. m. k. hitt Guðmund Tómasson, starfsmann bankans og ef til vill einhverja aðra. Tryggvi segir að af þessu tilefni hafi hann leitað til þeirrar Sigfúsar Sigfússonar og Sævars Jónssonar um að koma að þessari fjárfestingu, þá í gegnum félag sem síðar hafi verið stofnað, Fjárfar ehf. Fyrir hafi því legið áhugi Fjárfars ehf. að koma að þessum fjárfestingarkost. Tryggvi segir að fyrirhugað hafi verið að fá Árna Samúelsson, sem Jón Ásgeir hafi ætlað að ræða við, og Tryggingarmiðstöðina inn í Fjárfar ehf. Tryggvi segir að hann hafi rætt við þáverandi forstjóra Tryggingarmiðstöðvarinnar, Gunnar Felixson, sem þá hafi ekki haft áhuga á að koma að Fjárfari. Tryggvi segir að Gunnar hafi á síðari stigum komið að Baugi hf.

Tryggvi segir að honum vitanlega hafi Eignarhaldsfélagið Alþýðubankinn haft áhuga á að koma að þessari fjárfestingu, en fljótlega eftir að það hafi orðið ljóst hefði hans aðkomu að þessu málið lokið að mestu.

Tryggvi segir að varðandi kaup Baugs hf. á 10-11 hafi stjórn Baugs hf. falið Jóni Ásgeiri og Óskari Magnússyni, stjórnarformanni, að ganga til samninga við hjónin Helgu og Eirík um kaup félagsins á Vöruveltunni hf. Tryggvi segir að hann hafi ekki vitað betur en að Óskar hafi verið í viðræðum og samningagerð við Eirík og Helgu með Jóni Ásgeiri, að minnsta kosti hafi hann (Tryggvi) ekki tekið þátt í því. Tryggvi segir að hann hafi verið staddur í Bandaríkjunum þegar hann hefði heyrт um kaup Baugs hf.

á féluginu. Tryggvi segir að hann hafi orðið mjög ósáttur við að honum skyldi ekki hafa verið tilkynnt um það sérstaklega.

Samningur, dags. 10. nóvember 1998

Sala annars vegar á 40 % hlut til stofnijárfesta og hins vegar á 35 % hlut til Fjárfars ehf.

Tryggva er sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í féluginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu Íslandsbanki annars vegar og Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðssonar sem eigendur að öllu hlutafé í Vöruveltunni hf., sem þá rak verslanir undir heitinu 10-11, samning um að selja allt að 75 % eignarhlut í féluginu. Enn fremur kom fram að stefnt yrði að selja eftirstandandi 25 % eignarhlut á komandi árum. Í samningum kom fram að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í féluginu soldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Fyrir liggur að þessi 35 % hluti var soldur til Fjárfars ehf. Samkvæmt samningnum var gengið út frá því að heildarverðmæti félagsins næmi um kr. 1.400.000.000. Samkvæmt samningum tók Íslandsbanki að sér fyrir hönd seljenda að ráðstafa eftirstandandi 40 % eignarhluta með þeim hætti að leita kaupenda í hópi fagfjárfesta fyrir um það bil 35 % og þá miðað við heildarverðmæti kr. 1.400.000.000. Fyrir liggur að sá eignarhlutur var soldur til Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankans hf. o. fl. Enn fremur kom fram að sá 5 % eignahlutur, sem eftir stóð, skyldi soldur við skráningu félagsins á Verðbréfapíngi Íslands.

- Skjöl málsins nr. II/50.7

Tryggvi er spurður hvort þetta sé sá samningur sem hefur áður lýst að hafa komið að hjá Íslandsbanka hf.

Tryggvi segir að þetta sé umræddur samningur.

Tryggva er sýnt afrit af lánabeiðnum Fjárfars og Eiríks Sigurðssonar hjá Íslandsbanka vegna kaupa á hlutum í Vöruveltunni, dags. 16. nóvember 1998; afrit af tveimur lánstilboðum að fjárhæð kr. 451.000.000 vegna lánasamninga Fjárfars ehf. og Íslandsbanka hf., dags. 16. nóvember 1998; afrit af lánasamningi milli Íslandsbanka hf. og Fjárfars ehf. vegna láns að fjárhæð kr. 451.000.000, dags. 16. nóvember 1998; afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998; afrit af samþykki stjórnar Vöruveltunnar fyrir veðsetningu hlutabréfa, dags. 16. nóvember 1998 og vottuð af Grétari Haraldssyni og Ragnari Tómassyni; afrit af úttektarnótum Íslandsbanka vegna úttekta á kr. 351.777.778 og kr. 450.000.000, dags. 16. nóvember 1998 og afrit af innlagnar- og úttektarnótum Íslandsbanka hf. vegna úttektar á kr. 77.000.000 vegna Vöruveltunnar hf., dags. 3. desember 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.5.1, II/50.5.2, II/50.5.3, II/50.5.4, II/50.5.5, II/50.5.6 og II/50.5.7

Tryggva er sérstaklega sýnt afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998. Samkvæmt viðauka 1 segir meðal annars eftifarandi:

- Skjöl málsins nr. II/50.5.4

Fjárfar ehf. er nýstofnað fyrirtæki. Félagið er stofnað af Heklu hf. og Sævari Jónssyni. Á næstu dögum munu ganga til liðs við félagið Tryggingarmiðstöðin og Árni Samúelsson. Þessi aðilar hafa ákveðið að kaupa 35 % eignarhlut í Vöruveltunni hf. . . .

Tryggvi er spurður hvort hann hafi veitt Íslandsbanka hf. þessar upplýsingar.

Tryggvi segir að hann hafi verið í sambandi við Guðmund Tómasson hjá Íslandsbanda hf. vegna þessa máls og hafi upplýst hann um þessa fyrirætlan, en það sé í samræmi við það sem hann hafi áður sagt um aðkomu Fjárfars ehf.

Tryggvi er spurður hvort Eiríkur og Helga hafi haft einhverja aðkomu að Fjárfari ehf. á einhverjum tíma.

Tryggvi segir að þau hafi ekki komið að stofnun félagsins, en hann rámi í að hafa séð að þau hafi einhvern tímann komið að eigendahóp félagsins.

Tryggva er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Grétars Haraldssonar hjá Ríkislöggreglustjóranum, dags. 4. júní 2005. Grétar var þá spurður hvort hann hefði þekkt til Fjárfars ehf.:
- Óskjalmerkt

Grétar segir að hann þekki nokkuð til þess félags og einhvern tímann hafi hann þurft að eiga samskipti við Tryggva Jónsson og Sigfús Sigfússon vegna aðkomu Litla fasteignafélagsins ehf. Grétar segir að Sigfús hafi ekkert viljað af þessu félagi vitað og svarið af sér alla aðkomu að því. Grétar segir að honum vitanlega hafi þau Helga og Eiríkur aldrei komið nálægt rekstri eða eignarhaldi á Fjárfari, en svo kunni að vera að Helga hafi einhvern tímann verið fengin til að sitja í stjórn félagsins, en það hafi verið til málamynnda.

Tryggvi er spurður um afstöðu til þessa framburðar.

Tryggvi segir að hann hafi ekkert um þennan framburð að segja, þetta sé aðeins skoðun Grétars.

Tryggva er sérstaklega kynntur eftirfarandi framburður úr skýrslu Aðalsteins Hákonarsonar hjá Ríkislöggreglustjóranum, dags. 31. maí 2005. Aðalsteinn var þá spurður hvort ekki væri grundvallarforsenda fyrir fyrirvaralausri áritum endurskoðanda að fyrir lægi fullnægjandi bókhald af hálfu félagsins til að byggja gerð ársreiknings og endurskoðun á:

- Óskjalmerkt

Aðalsteinn segir að áritun endurskoðenda felist í staðfestingu á fjárhag félags og askomu. Aðalsteinn segir að hann líti svo á að þegar viðskipti hjá félagi séu óveruleg að magni til þá sé unnt sé að leggja fram fullnægjandi ársreikning án þess að bókhald sé fært. Aðalsteinn segir að af þeiri ástæðu hafi hann áritað ársreikningana. Aðalsteinn segir að hann vilji áréttu að hann hafi þarna verið í samskiptum við fyrrverandi starfsfélaga til að minnsta kosti 19 ára, Tryggva Jónsson. Aðalsteinn segir að vinna hans hafi byggst á trausti við Tryggva. Aðalsteinn segir að hann líti svo á að hann hafi sem endurskoðandi félagsins verið blekktur af Tryggva Jónssyni. Aðalsteinn segir enn fremur að hann telji að það hafi verið ásetningur Tryggva að leita til hans með endurskoðun Fjárfars ehf. og hafi það verið hluti af því blekkingarferli sem verið hafi með eignarhald og rekstur Fjárfars ehf. því að ef endurskoðendur Gaums ehf. eða Baugs hf. hefðu annast endurskoðunina hefðu rangfærslur uppgötvast.

Tryggvi er spurður um afstöðu til þessa framburðar Aðalsteins.

Tryggvi segir að þetta sé hugarburður hjá Aðalsteini og vísi hann þessu alfarið á bug. Tryggvi segir að hann hafi verið í sambandi við Aðalstein vegna þessa máls í upphafi, en þeim samskiptum hafi hann hætt um mitt ár 1999.

Kl. 11:18 er yfirheyrslu hætt, en ráðgert var að yfirheyrslan mundi ekki standa yfir í lengur en þrjár klukkustundir.

Tryggvi er spurður að lokum hvort hann vilji taka eitthvað sérstaklega fram eða koma á framfæri einhverjum ábendingum eða athugasemdum.

Tryggvi segir að svo sé ekki.

SJ

Andri Árnason, verjandi Tryggva, er spurður hvort hann vilji koma á framfæri athugasemdum við framkvæmd yfirheyrlunnar.

Andri segir að svo sé ekki, enda sé yfirheyrlum um umrædd sakarefni ekki lokið.


Tryggi hefur lesið skýrsluna yfir. Hann telur skýrsluna rétt bókaða og engu við að bæta.

Yfirheyrlu og yfirlestri skýrslu lokið 10. júní 2005 kl. 12 : 15

Yfirlesið staðfest rétt


Skýrslu gerir



Tryggi Jónsson


Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi

Viðstaddur yfirheyrlu, staðfest rétt

Viðstaddur og þáttakandi við yfirheyrlu


Andri Árnason, hæstaréttarlögmaður


Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	RLS
Skýrslu gerir		Mál nr.
9813 Birgir Jónasson, löggreglufulltrúi	006-2002-00086	V
Staður og stund:	Fimmtudagur 16. júní 2005 kl. 9:00 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík	1.24
Sakarefní:	Rannsókn á ætluðum brotum forráðam. Baugs hf. og skyldra félaga – Vöruveltan hf./Litla fasteignafélagið ehf.	
Sakborningur/grunaður:	Tryggvi Jónsson	Kennitala: 140755-2739
Starf/staða:	Fyrverandi aðstoðarforstjóri Baugs hf.	Vinnusími:
Löghemili:	Vesturhúsum 22, 112 Reykjavík	Sími: 567 6363
Dvalarstaður:		Sími:

Tryggvi Jónsson er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu Ríkislöggreglustjórans samkvæmt boðun. Honum er kunngert um tilefni yfirheyrslunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og skyldra félaga í tengslum við kaup hlutafjár í Vöruveltunni hf. á árunum 1998 og 1999. Enn fremur er til rannsóknar ætluð refsiverð háttsemi er lýtur að kaupum og sölu fasteigna til og frá Litla fasteignafélaginu ehf. á árunum 1998 og 1999.

Tryggvi nýtur réttarstöðu sakbornings við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en hann gegndi starfi aðstoðarforstjóra Baugs hf. á því tímabili sem ætluð brot eru talin hafa verið drýgð.

Tryggva er kunngerð réttarstaðan um að honum sé óskyld að svara spurningum um þá ætluðu refsiverðu háttsemi sem hann verður yfirheyrður um, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Brýnt er fyrir Tryggva að ef hann kjósi að tjá sig um hið ætlaða sakarefni að skýra þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunni að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991.

Aðspurður segir Tryggvi að hann skilji þau ákvæði réttarfarsлага er honum hafa verið gjörð kunn. Með Tryggva er mættur Andri Árnason, hæstaréttarlögmaður og domskipaður verjandi Tryggva við hina opinberu rannsókn málsins.

Tryggva er kunngerð að samkvæmt 3. mgr. 33. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og reglugerðar um réttarstöðu handtekinna manna og yfirheyrslna hjá löggreglu nr. 395/1997 geti hann ráðfært sig við málsvara sinn áður en hann svarar spurningu við yfirheyrsluna, sem beint er til hans, svo fremi sem yfirheyrandi telji það eigi trufla yfirheyrsluna.

Viðstaddir og þátttakandi í yfirheyrslunni er Sveinn Ingiberg Magnússon, löggreglufulltrúi. Yfirheyrslan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Tryggva og svör hans við þeim síðan bókuð eftir honum í óbeinni ræðu. Tryggva verður við yfirheyrsluna gefinn kostur á að kynna sér umrædd fyrirliggjandi gögn. Enn fremur verður honum gefinn kostur á að hrekja þær forsendur sem grunur er reistur á og koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

Fram er haldið yfirheyrslu frá 10. júní 2005, en ætlað sakarefni sem til umfjöllunar er varðar ætluð fjárvík og umboðssvík. Þegar yfirheyrslunni lauk lá frammi samningur Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar annars vegar og Íslandsbanka hf. hins vegar frá 10. nóvember 1998. Téður samningur er enn til umfjöllunar þar sem frá var horfið.

- Skjal málsins nr. II/50.7

06724

Tryggva er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Grétars Haraldssonar hjá Ríkislöggreglustjóranum, dags. 4. júní 2005. Grétar var þá spurður hvort hann hefði átt samskipti við einhverja hjá Íslandsbanka vegna þessa máls, þ. e. gerð samningsins frá 10. nóvember 1998:

- Skjal málssins nr. II/53.1

Grétar segir að hann hafi hitt þá Björn Björnsson og Guðmund Tómasson á fundum í bankanum vegna þessa máls, þá með Eiríki og Helgu. Grétar segir að samkvæmt því sem hann best muni hafi Tryggvi Jónsson verið á þeim fundum. Grétar segir enn fremur að enginn vafí hafi verið á því að þau Helga og Eiríkur hafi aldrei mætt eða komið fram sem raunverulegir eigendur Vöruveltunnar hf. gagnvart Íslandsbanka. Grétar segir að af þeim augljósu ástæðum hafi æðstu stjórnendum bankans verið kunnugt um samninginn frá 7. október 1998 og að raunverulegur eigandi hafi verið Jón Ásgeir.

Tryggvi er spurður um afstöðu til eftirfarandi framburðar Grétars.

Tryggvi segir að hann telji að Grétar misminni þetta. Tryggvi segir að hann hafi einu sinni hitt þau Eirík og Helgu niðri í Íslandsbanka og hann hafi ekki setið neina fundi með þeim hjónum. Tryggvi segir enn fremur að hann hafi aldrei tekið þátt í neinum samningum við þau hjón varðandi þetta mál.

Tryggva er sérstaklega kynntur eftirfarandi framburður úr skýrslu Aðalsteins Hákonarsonar hjá Ríkislöggreglustjóranum, dags. 31. maí 2005. Aðalsteinn var þá spurður hvort gerður hefði verið sérstakur kaupsamningur vegna þessara kaupa Fjárfars ehf., eða hvort kaupin hafi eingöngu byggst á samningnum frá 10. nóvember 1998:

- Skjal málssins nr. IV/35.2

Aðalsteinn segir að hann hafi ekki séð þennan samning áður. Aðalsteinn segir að Tryggvi Jónsson hafi upplýst hann um að Íslandsbanki hf. hafi séð um alla skjalagerð og fjármögnun vegna þessara kaupa í 35 % eignarhluta Vöruveltunnar hf. og hafi i því sambandi bent á Guðmund Tómasson hjá Íslandsbanka. Aðalsteinn segir að hann hafi í framhaldi óskað eftir gögnum vegna þessa frá Guðmundi, þ. e. öllum gögnum um kaupin, fjármögnunina og lánskjörin, en þetta hafi verið einu viðskipti Fjárfars ehf. vegna ársins 1998 samkvæmt upplýsingum frá Tryggva Jónssyni. Aðalsteinn segir að hann hafi fengið lánasamninginn frá Íslandsbanka eitt gagna og ekki frekari gögn. Aðalsteinn segir að hann hafi á þeim tíma talið þessi gögn fullnægjandi þar sem í lánasamningum hafi sagt að lánið væri vegna kaupa á 35 % eignarhluta i Vöruveltunni hf. Aðalsteinn segir að hann hafi á þessum tíma talið orð Tryggva Jónssonar, þáverandi stjórnarformanns Fjármálaeftirlitsins og samstarfsmanns til a. m. k. 19 ára, trúanleg.

Tryggvi er spurður um afstöðu til þessa framburðar Aðalsteins.

Tryggvi segir að Aðalsteinn hafi þarna haft fulla ástæðu til að taka orð hans trúanleg, því Íslandsbanki hf. hafi séð um alla skjalagerð vegna þessa máls og hann sjálfur hefði engin gögn haft undir höndum varðandi þessi viðskipti.

Greiðsla á kr. 800.000.000, sem fara átti fram 5. nóvember 1998 en fór fram 16. nóvember s. á.

Greiðsla á fjárhæð kr. 350.000.000 – fjármagnað með samningi, dags. 10. nóvember 1998 – sala 40 % til stofnfjárfesta Tryggva er enn sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu Íslandsbanki annars vegar og Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðssonar sem eigendur að öllu hlutafé í Vöruveltunni hf., sem þá rak verslanir undir heitinu 10-11, hins vegar, samning um að selja allt að 75 % eignarhlut í félaginu. Enn fremur kom fram að stefnt yrði að selja eftirstandandi 25 % eignarhlut á komandi árum. Í samningum kom fram að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Samkvæmt

samningnum var gengið út frá því að heildarverðmæti félagsins næmi um kr. 1.400.000.000 [35 % hlutur samsvarar kr. 490.000.000]. Samkvæmt samningum tók Íslandsbanki að sér fyrir hönd seljenda að ráðstafa eftirstandandi 40 % eignarhluta með þeim hætti að leita kaupenda í hópi fagfjárfesta fyrir um það bil 35 % og þá miðað við heildarverðmæti kr. 1.400.000.000 [35 % hlutur samsvarar 490.000.000]. Enn fremur kom fram að sá 5 % eignahlutur, sem eftir stóð, skyldi seldur við skráningu félagsins á Verðbréfþingi Íslands [5 % eignahlutur samsvarar kr. 57.500.000, þ. e. miðað við heildarverðmæti kr. 1.150.000.000].

- Skjal málssins nr. II/50.7

Tryggva er sérstaklega sýnt afrit af útprentun frá Íslandsbanka með yfirskriftinni „Uppgjör v/sölu á 40% eignarhlut í Vöruveltunni hf. sbr. samning milli aðila frá 10. nóvember 1998“, dags. í Reykjavík 4. desember 1998. Samkvæmt umræddu skjali hefur greiðsla að fjárhæð kr. 350.000.000 verið fjármögnuð með bráðabirgðaláni að fjárhæð kr. 351.777.778 þeirra Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar, sbr. skjal málssins nr. II/50.5.1 (bls. 2 og 3), en umrædd 40 % hafi síðan verið seld til stofnfjárfesta og í dreifðri sölu fyrir heildarandvirði 547.500.000 (35 % hlutur á kr. 490.000.000).

- Skjal málssins nr. II/50.7.1 og II/50.5.1

Tryggvi er spurður hvort þessi hluti af kr. 800.000.000 hafi verið fjármagnaður með þessum hætti.

Tryggvi segir að hann hafi ekki vitnesku um það þar sem hann hafi ekki komið að þessari samningsgerð með öðrum hætti en hann hafi þegar lýst. Aðspurður segir Tryggvi að hann hafi enga vitnesku haft um að verið væri fjármagna hluta af 800 milljón króna greiðslu vegna samnings frá 7. október 1998, sé það raunin, enda sem áður segir ókunnugt um þann samning á þessum tíma.

Tryggva er sýnt afrit af bréfi Björns Björnssonar og Guðmundar Kr. Tómassonar hjá Íslandsbanka til skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna skattrannsóknar á Fjárfari ehf., dags. 25. júní 2004. Í umræddu bréfi er samskiptum Íslandsbanka við Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggva Jónsson og Jóhannesar Jónssonar lýst.

- Skjal málssins nr. II/50.7.2

Tryggvi er spurður hvort sé rétt lýsing á þeim samskiptum sem hann átti við bankann vegna þessa málss.

Tryggvi segir að hann geri engar athugasemdir við þetta bréf.

Tryggva er kunngerður eftirfarandi framburður Gylfa Arnbjörnssonar úr skýrslu Ríkislögreglustjórans, dags. 3. júní 2005. Gylfi var þá beðinn að gera grein fyrir aðkomu Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankans hf. (EFA) að Vöruveltunni hf., þ. e hlutafjárkaupum bankans í félaginu:

- Skjal málssins nr. IV/51.1

Gylfi segir að torkennilegt hafi þótt að KPMG Endurskoðun hafi á þessum tíma verið endurskoðendur EFA, Íslandsbanka hf., Vöruveltunnar hf. og enn fremur Baugs hf., sem á þeim tíma hafi verið keppinautur Vöruveltunnar hf. Þar hafi honum enn fremur þótt staða þeirra Tryggva Jónssonar og Stefáns Hilmarssonar mjög sérkennileg, en Tryggvi hafi verið fyrrverandi endurskoðandi EFA og Stefán þáverandi. Gylfi segir að af þessu tilefni hafi hann í framhaldi óskað eftir fundi með KPMG Endurskoðun vegna málssins. Gylfi segir að hann og Sigurður Jón hafi setið fundinn fyrir hönd EFA en fyrir hönd KPMG þeir Stefán Hilmarsson og einn annar endurskoðandi, sem hann muni ekki nafnið á. Gylfi segir að sá maður hafi unnið einhverjar samþykktir fyrir Vöruveltuna hf. við breytingarform sem átt hafi sér stað á félaginu í desember 1998, sem hann muni ekki nákvæmlega hvert hafi verið, en það hafi tengst uppsetningu nýs efnahagsreiknings Vöruveltunnar hf.

Gylfi segir að á þessum fundi hafi hann krafist þess að endurskoðendur KPMG mundu ljúka þessu máli; að öðrum kosti hafi EFA fyrirhugað að óska eftir opinberri rannsókn hjá Fjármálaeftirlitini alls þess ferlis sem átt hafi sér með Vöruveltuna hf. í lok árs 1998 og byrjun 1999. Gylfi segir að

sá endurskoðandi, sem hann muni ekki nafni á, hafi misst það út úr sér þegar gengið hafi verið á hann á fundinum, að þessi útfærsla væri hönnun Tryggva Jónssonar. Gylfi segir að í framhaldi af því hafi fundi verið slitið.

Gylfi segir að í framhaldi af því hafi hann að kröfju Tryggva átt fund með honum og Guðmundi Tómassyni í Íslandsbanka. Gylfi segir að á þeim fundi hafi Tryggvi viljað fullvissa hann um að hvorki hann (Tryggvi) né Baugur hf. hafi haft neina aðkomu að þessu máli og væru ekki raunverulegir eigendur Vöruveltunnar hf.

Tryggvi er spurður um afstöðu til þessa framburður Gylfa.

Tryggvi segir að hann muni ekki eftir þessum fundi. Tryggvi segir að hann kannist ekki við að Gylfi hafi hótað opinberri rannsókn vegna þessa máls. Aðspurður segir Tryggvi að hann muni eftir að hafa hitt Gylfa, þó hann muni ekki hvenær. Hugsanlega sé það vegna þessa fundar sem Gylfi sé að vísa til.

Tryggvi er spurður hvort hann viti hvaða maður þetta sé hjá KPMG sem Gylfi hafi þarna fjalla um.

Tryggvi segir að hann viti það ekki.

Greiðsla á fjárhæð kr. 450.000.000 – fjármagnað með samningi, dags. 10. nóvember 1998 – sala 35 % til Fjárfars ehf.
 Tryggva er enn sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Sem áður segir kemur fram í samningum að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Fyrir liggar að þessi 35 % hluti var seldur til Fjárfars ehf. Kaupverð til Fjárfars var kr. 450.000.000.

- Skjal málssins nr. II/50.7

Tryggva er sérstaklega sýnt afrit af lánstilboði að fjárhæð kr. 451.000.000 vegna láanasamninga Fjárfars ehf. og Íslandsbanka hf., dags. 16. nóvember 1998; afrit af láanasamningi milli Íslandsbanka hf. og Fjárfars ehf. vegna láns að fjárhæð kr. 451.000.000, dags. 16. nóvember 1998; afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsing Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998 og afrit af samþykki stjórnar Vöruveltunnar fyrir veðsetningu hlutabréfa, dags. 16. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum gögnum var 60 % hlutafjár í Vöruveltunni hf. sett sem trygging fyrir láninu, þ. e. 35 % hlutur Fjárfars ehf. og 25 % hlutur Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar.

- Skjal málssins nr. II/50.5.2, II/50.5.3, II/50.5.4, II/50.5.5 og II/50.5.6

Grunur er um að greiðslur vegna kr. 800.000.000, sem fara áttu fram 5. nóvember 1998, hafi átt sér stað í tvennu lagi 16. nóvember 1998 og hafi afhending félagsins að sama skapi dregist til þess tíma. Í fyrsta lagi voru kr. 351.777.778 greiddar inn á reikning Helgu Gílsdóttur nr. 515-26-404848, en greiðslan samanstendur af innborgun að fjárhæð kr. kr. 350.000.000 og vaxtagreiðslu að fjárhæð kr. 1.777.778. Grunur er um að þetta hafi verið fjármagnað með svokölluð brúarláni Eiríks Sigurðssonar og Helgu Gísladóttur að fjárhæð kr. 350.000.000 þar til búið væri að selja 35 % eignahlut í félaginu, sem síðar var seldur til Eignarhaldsfélags Alþýðubankans o. fl. Í öðru lagi voru kr. 450.000.000 innborgaðar á reikning í eigu Helgu nr. 515-26-404848. Grunur er um sú greiðsla hafi verið fjármögnuð með sölu á 35 % eignarhluta í Vöruveltunni til Fjárfars ehf. samkvæmt sérstökum samningi.

Tryggvi er spurður hvort þetta hafi verið önnur greiðslan samkvæmt kaupsamningi, dags. 7. október 1998.

Tryggvi segir að honum vitanlega hafi 450 milljón króna lánið verið til þess að greiða Helgu og Eiríki vegna sölu þeirra til Fjárfars ehf. á þessum tíma. Tryggvi segir enn fremur að hann vilji ítreka að honum hafi ekki verið kunnugt um þennan samning frá 7. október 1998.

Tryggvi er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um kaupverð á þeim 35 % eignarhlut sem seldur var til Fjárfars ehf.

Tryggvi segir að hann muni það ekki, en örugglega hafi Sigfús Sigfússon sagt honum það.

Tryggvi er spurður hvort gerður hafi verið sérstakur kaupsamningur vegna kaupa á þessum 35 % eignarhlut til Fjárfars ehf., eða hvort kaupin hafi byggt á samningi við Íslandsbanka hf. frá 10. nóvember 1998.

Tryggvi segir að hann viti það ekki. Málið hafi verið í höndum Íslandsbanka.

Tryggvi er spurður hvers vegna Eignarhaldsfélagið Alþýðubankinn o. fl. hafi þarna keypt hlut sinn miðað við heildarverðmæti félagsins kr. 1.400.000.000; Íslandsbanki sín bréf miðað við heildarverðmæti félagsins kr. 1.150.000.000 og Fjárfar kr. 40.000.000 lægra en hlutur Eignarhaldsfélags Alþýðubankans.

Tryggvi segir að hann hafi enga vitneskju um það, enda þekki hann það ekki.

Greiðsla á kr. 150.000.000, sem fara átti fram með víxli útgefnum 16. nóvember 1998 – greitt með hlutabréfum

Tryggva er sýnt afrit af víxli Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis að fjárhæð kr. 150.000.000, þar sem greiðandi er Eignarhaldsfélagið Gaumur og útgefandi Fjárfestingarfélagið Gaumur, dags. 16. nóvember 1998, - með gjalddaga 1. mars 1999. Tryggva er enn fremur sýnt afrit af símbréfi Kaupþings hf. til hluthafaskrá Baugs hf. um að sölu Kaupþings Lúxemborg á hlut í Baugi að nafnverði 16.200.000 til Helgu Gísladóttur, dags. 3. nóvember 1999 og afrit af greinargerð um viðskipti með hlutabréf í Baugi hf., dags. 2. mars 2004. Samkvæmt umræddum gögnum virðist þessi fjárhæð ekki hafa verið greidd með umræddum víxli heldur hlutabréfum í Baugi hf. að nafnvirði kr. 16.200.000 eða að söluandvirði kr. 162.000.000.

- Skjöl málsins nr. II/50.6.1, II/50.6.2 og II/50.6.3

Grunur er um að þessi víxill hafi ekki verið greiddur, heldur hafi þau Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðsson fengið hlutabréf að nafnvirði kr. 16.200.000 í Baugi hf. Bréfin munu hafa komið frá Kaupthing Luxembourg. Grunur er um að af þeiri fjárhæð hafi kr. 12.000.000 verið vegna vaxta. Grunur er um að þessi bréf hafi verið sold af fjárvörslureikningi Baugs hf. Kaupthing Luxembourg og að greiðslan hafi verið notuð til að standa skil á greiðslum á grundvelli kaupréttarákvæða í starfssamningum nokkurra stjórnenda Baugs Group hf., þ. á m. Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

Tryggvi er spurður hvort þetta hafi verið þriðja greiðslan samkvæmt kaupsamningi, dags. 7. október 1998.

Tryggvi segir að hann þekki ekki þennan víxil og hafi sem áður segir ekki verið kunnugt um þennan samning frá 7. október 1998.

Tryggva er sýndur afritaður tölvupóstur með yfirskriftinni „Fundur strax“, frá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni til Tryggva Jónssonar, dags. 18. júní 1999 kl. 10:49, ásamt lista yfir mál sem þurfti að ræða, sem sendur var með viðhengi tölvupóstsins. Í umræddum lista kemur meðal annars fram eftirfarandi:

- Skjöl málsins nr. II/50.21.3

16,2 greiðsla til Eiríks í Hlutabréfum / spurning að selja af þeim pakka sem Baugur skuldar í Lux...

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir þessu tölvupóstskeyti.

Tryggvi segir að þetta hafi tengst kaupum Baugs hf. á Vöruveltunni hf. frá maímaðuði 1999. Tryggvi segir að hann muni ekki eftir því hvort hann hafi séð þann samning á þessum tíma og viti því ekki nákvæmlega hvernig greiðslumáta hafi verið háttar, þ. e. hvort greiða hafi átt í hlutabréfum.

Tryggva er sýndur afritaður tölvupóstur með yfirskriftinni „ES“, frá Jóni Ásgeiri Jóhannesson til Jóhönnu Waagfjörð og afrit til Tryggva Jónssonar, dags. 22. janúar 2002 kl. 12:42. Í tölvupóstskeytinu segir eftirfarandi:

- Skjöl málssins nr. II/50.21.5

Sæl JW í framhaldi af samtali

Pegar við keyptum 10-11 á sínum tíma þá var það mikil lykkja hvernig frá því var gengið og lagði ES mikið á sig að Baugur gæti keypt þetta og frontaði málið lengi, þó við getum í dag sagt að hann hafi fengið gott verð þá er en óuppgert við hann um 2 milljónir á nafnverði í Baugi ég var búinn að tala um við hann að hann fengi þetta frekar greitt með skuldabréfi hann félst [svo] á það þannig að hann átti að fá 21 milljón. Nú er hann hinsvegar farinn að rukka meira vegna þess að gengið hefur hækkað, félst [svo] samt á það að ef þetta yrði klárað í vikunni. Ég vil að við göngum frá þessu þannig að hann fái bréfið með greiðslu 1. maí. Ég man ekki hvernig þetta var fært á sínum tíma eða hvort við verðum að bæta þessu á good will reikning okkar vegna 10-11.

Nauðsynlegt að ganga frá þessu sem fyrst. Samningurinn er held ég hjá HL allavega til afrit hjá Grétari Harlalda [svo] eða KPMG.

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir þessu tölvupóstskeyti.

Tryggvi segir að hann muni ekki eftir þessu tölvupóstskeyti. Tryggvi segir að hann hafi fengið þetta tölvupóstskeyti vegna þess að starfsreglur milli hans og Jóns Ásgeirs hafi verið þannig að ef annaðhvort hann eða Jón Ásgeir hafi sent tölvupóst á undirmann hins hafi afrit ávallt verið sent á yfirmann viðkomandi – í þessu tilviki hafi Jóhanna verið undirmaður hans.

Tryggvi er spurður við hvað Jón Ásgeir hafi átt þegar hann hafi talað um að ES hafi „frontað málið lengi“.

Tryggvi segir að hann viti ekki við hvað Jón Ásgeir hafi átt þarna við.

Fundargerðir Baugs hf.

Tryggva er sýnt afrit af fundargerð stjórnar Baugs hf. vegna 15. stjórnarfundar félagsins, dags. 20. maí 1999. Samkvæmt umræddri fundargerð hafa eftirtaldir verið viðstaddir fundinn: Óskar Magnússon, Hreinn Loftsson, Jóhannes Jónsson, Þorgeir Baldursson, Guðfinna Bjarnadóttir, Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson. Samkvæmt fundargerðinni kemur fram að Jón Ásgeir Jóhannesson væri í viðræðum við eigendur 10-11 og um leið íslensk samkeppnisfyrvöld, með það að markmiði að Baugur hf. mundi kaupa félagið. Samkvæmt fundargerðinni er sagt að samkomulag um málið sé á næsta leiti. Samkvæmt fundargerðinni samþykkti stjórn Baugs hf. á fundinum kaup á 10-11 smásölukeðjunni, m. a. að því tilskildu að leigusamningar vegna verslana væru í lagi og að Baugur hf. hefði endurkauparétt til að kaupa til baka eigin hlutabréf sem gefin yrðu út í tengslum við söluna. Tryggva er samhlíða þessari fundargerð sýnt afrit af fundargerð stjórnar Baugs hf., dags. 1. júní 1999. Samkvæmt þeirri fundargerð hafa eftirfarandi verið viðstaddir fundinn: Óskar Magnússon, Guðfinna Bjarnadóttir, Hans Kristian Hustad, Jóhannes Jónsson, Þorgeir Baldursson og Jón Ásgeir Jóhannesson. Samkvæmt fundargerðinni hefur samningur um kaup á 70 % hlutafé í Vöruveltunni hf. verið kynntur stjórninni.

- Skjöl málssins nr. II/50.20.2 og II/50.20.3

Tryggvi er spurður hvort stjórn Baugs hf. hafi veitt Jóni Ásgeiri Jóhannessyni umboð á stjórnarfundi, dags. 20. maí 1999, til að ganga til samninga við eigendur Vöruveltunnar hf. um kaup Baugs hf. á hlutafé félagsins.

Tryggvi segir að samkvæmt fundargerðinni hafi Jóni Ásgeir Jóhannesson fengið umboð stjórnar til að ganga til samninga við eigendur Vöruveltunnar hf. Tryggvi segir að hann telji enn fremur að Óskar Magnússon hafi verið falið umboð með Jóni Ásgeir til þess arna.

Tryggva er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Óskars Magnússonar hjá Ríkislöggreglustjóranum, dags. 1. júní 2005. Óskar var spurður hvort stjórn Baugs hf. hefði veitt Jóni Ásgeiri Jóhannessyni umboð á stjórnarfundi, dags. 20. maí 1999, til að ganga til samninga við eigendur Vöruveltunnar hf. um kaup Baugs hf. á hlutafé félagsins:

- Skjal málssins nr. IV/21.3

Óskar segir að eins og fundargerðin beri með sér hafi stjórn félagsins samþykkt kaup Baugs hf. á Vöruveltunni hf. Óskar segir að þarna hafi stjórnin veitt Jóni Ásgeiri og e. t. v. Tryggva Jónssyni umboð til að fylgja málinu eftir og ljúka því, sem og Jón Ásgeir hafi gert.

Tryggvi er spurður um afstöðu til þessa framburðar Óskars.

Tryggvi segir að í hans huga hafi Jón Ásgeir og Óskar eða lögmaður tengdur Óskari hafi gert samninginn frá 21. maí 1999. Tryggvi segir að hann hafi aldrei komið þarna nálægt, enda hafi hann í framhaldi af þessum fundi, nánar tiltekið 21. maí 1999, farið Bandaríkjanna í orlof. Tryggvi segir að hann hafi verið staddir í Bandaríkjunum þegar hann hafi fengið þær fregnir að samningurinn hafi verið gerður.

Aðspurður segir Tryggvi að í hans huga hafi aldrei verið neinn vafi um að Helga og Eiríkur væru eigendur Vöruveltunnar hf. á þessum tíma. Tryggvi segir að hann hafi heyrt orðróum um annað, sbr. samskipti við Gylfa Arnbjörnsson, en hann hafi aldrei spurt Jón Ásgeir um það, enda ekki talið að fótur væri fyrir slíku.

Tryggva er sérstaklega sýnt „Draft“ af „Business Plan“ fyrir 10 – 11, sem grunur er um lagt hafi verið fram fyrir stjórn Baugs hf. á 15. stjórnarfundi félagsins. Í umræddu skjali virðist sú hugmynd; að kaupa verslanakeðjuna 10-11, hafa verið kynnt stjórn félagsins.

- Skjöl málssins nr. II/50.20.2.1

Tryggvi er spurður hvort hann kannist við umrætt skjal.

Tryggvi segir að hann muni ekki eftir þessu skjali sérstaklega, en líklega hafi hann séð það í tengslum við stjórnarfundinn 20. maí 1999.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi samið þetta skjal.

Tryggvi segir að hann hafi ekki samið þetta skjal.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi vitneskju um hver hafi samið þetta skjal.

Tryggvi segir að hann hafi enga vitneskju um það. Aðspurður segir Tryggvi að hann hafi enga vitneskju um hver hafi sent þetta skjal út og dreift.

Tryggvi er spurður hvort hann kannist við umræðu eins og í „Business Plan“ segir, að ef Baugur hf. mundi ekki kaupa Vöruveltuna hf. yrði félagið selt keppinautum.

Tryggvi segir að hann útiloki það ekki sérstaklega að þetta hafi verið rætt á stjórnarfundinum. Tryggvi segir að hins vegar hafi það verið meginástæða þess að leitað hafi verið til Íslandsbanka hf. í nóvember 1998, þ. e. að tryggja að félagið yrði ekki selt keppninautum, heldur færi í dreifða eignaraðild á almennum markaði og tryggði þannig áframhaldandi viðskipti 10-11 við Aðföng.

Kaupsamningur, dags. 21. maí 1999

Tryggva er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa Baugs hf. á 70 % hlutabréfa í Vöruveltunni hf., samtals að nafnvirði 210.000.000 króna, dags. 21. maí 1999. Samkvæmt umræddum samningi seldi Helga Gísladóttir 25 % eignarhlut sinn í Vöruveltunni hf. til Baugs hf. og Fjárfar ehf. þar af leiðandi 45 % eignarhlut sinn. Samkvæmt samningnum var kaupverðið kr. 447.000.000, en þar af átti að greiða kr. 65.000.000 með hlutabréfum í Baugi að nafnverði. Samningurinn er undirritaður af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni f. h. stjórnar Baugs hf.; Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni, en samningurinn er óundirritaður f. h. Fjárfars ehf. Samningurinn er vottaður af Grétari Haraldssyni. Samkvæmt kaupsamningnum skyldi kaupverð greiðast með eftirfarandi hætti:

- Skjal málssins nr. II/50.9

a) Við undirritun kaupsamnings	kr.	225.000.000,-
b) Við undirritun kaupsamnings með skuldabréfi	kr.	162.000.000,-
c) Hinn 1. júlí afhendir kaupandi seljanda hlutabréf í sjálfum sér að nv.	kr.	65.000.000,-
Kr.		447.000.000,-

Tryggvi er spurður hvort þessi samningur hafi gengið eftir og verið efndur.

Tryggvi segir að hann vænti þess, þar sem Baugur hf. hafi eignast Vöruveltuna hf.

Tryggva er sýnt skjal með yfirlitinni „10 – 11 Memo til óm“ frá Jóni Ásgeiri, ódagsett. Í umræddu minnisblaði virðist sú hugmynd vera sett fram að kaupa Vöruveltuna hf.

- Skjal málssins nr. II/50.21.6

Tryggvi er spurður hvort hann kannist við umrætt skjal.

Tryggvi segir að hann hafi aldrei séð þetta skjal áður.

Greiðsla á kr. 225.000.000 (greitt í þrennu lagi), sem greiðast átti við undirritun kaupsamnings

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af útprentun úr bókhaldi Baugs hf. vegna greiðslu að fjárhæð kr. 225.000.000 hinn 20. maí 1999; afrit af útprentuðum upplýsingum úr bókhaldi Baugs Group hf. á tímabili frá 20. maí 1999 til 30. júní 2000 og afrit af útprentun á hreyfingalista úr bókhaldi Baugs hf., dags. 26. júní 1999. Samkvæmt umræddum gögnum er Helga Gísladóttir sögð hafa fengið umræddar kr. 225.000.000 greiddar.

- Skjal málssins nr. II/50.9.1, II/50.9.2 og II/50.9.3

Tryggvi er spurður hvort honum sé kunnugt um hvort þessi greiðsla hafi runnið til Helgu Gísladóttur.

Tryggvi segir að hann hafi gert ráð fyrir því, en sem áður segir hafi hann á þessum tíma ekki verið á landinu.

Tryggvi er spurður hvernig þessi greiðsla hafi verið fjármögnuð hjá Baugi hf.

Tryggvi segir að hann viti það ekki.

Greiðsla á kr. 25.000.000 til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar

Tryggva er sýnt afrit af tékka Íslandsbanka að fjárhæð kr. 25.000.000, útgefnum af prókúruhafa Baugs hf., Lindu Jóhannsdóttur, til handa handhafa, dags. 19. maí 1999 og afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna innlagnar á kr. 25.000.000 inn á reikning Jóns Ásgeirs Jóhannessonar nr. 1151-26-680, dags. 20. maí 1999. Í bókhaldi Baugs hf. er umrædd greiðsla sögð „Gr. til Helgu Gíslad. v/vöruveltan“.

- Skjöl málssins nr. II/50.10.1, II/50.10.2 og II/50.9.1

Tryggvi er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um að þessi fjárhæð hafi runnið.

Tryggvi segir að honum hafi ekki verið kunnugt um það.

Greiðsla að fjárhæð kr. 36.500.000 til Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf.

Tryggva er sýnt afrit af tékka Íslandsbanka hf. útgefnum af prókúruhafa Baugs hf. Lindu Jóhannsdóttur, að fjárhæð kr. 36.500.000, dags. 8. júní 1999. Í bókhaldi Baugs hf. er umrædd greiðsla sögð „Gr. til Helgu Gíslad. v/vöruveltan“.

- Skjöl málssins nr. II/50.11.1 og II/50.9.1

Tryggvi er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um hvert þessi greiðsla hafi runnið.

Tryggvi segir að honum hafi ekki verið kunnugt um það.

Tryggva er sýnd útprentun úr bókhaldi Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. úr færslu- og dagbók félagsins vegna greiðslu á kr. 36.500.000. Samkvæmt því sem þar kemur fram hefur umrædd fjárhæð verið tekjufærð í bókhald Fjarfestingsfélagsins Gaums ehf.

- Skjöl málssins nr. II/50.11.2

Tryggvi er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Tryggvi segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þetta.

Greiðsla að fjárhæð kr. 163.500.000 – ráðstöfun á móti kaupum Fjárfars í Vöruveltunni

Tryggva er sýnt afrit af viðskiptayfirliti Íslandsbanka hf. vegna sölu Fjárfars ehf. á hlutabréfum í Vöruveltunni að nafnverði kr. 30.480.000, dags. 14. maí 1999 – söluverð kr. 163.500.000 og afrit af bréfi Íslandsbanka til skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna beiðni um gögn og upplýsingar vegna viðskipta Baugs hf. og sölu Íslandsbanka hf. á Vöruveltunni hf., dags. 1. mars 2001. Samkvæmt umræddum gögnum virðist þessi greiðsla hafa verið fjármögnuð með þeim hætti að Fjárfar ehf. keypti 10 % af hlutafé Vöruveltunnar, dags. 14. maí 1999, eða viku áður en kaupsamningur um kaup Baugs hf. á 70 % hlutafé Vöruveltunnar hf.

- Skjöl málssins nr. II/50.12.1 og II/50.12.2

Tryggvi er spurður hvers vegna þessi greiðsla hafi runnið til Fjárfars ehf.

Tryggvi segir að honum hafi ekki verið kunnugt um það.

Tryggva er sýnt afrit af útprentun úr bókhaldi Baugs hf. á dagbók félagsins og afrit af yfirliti tékkareiknings í eigu Baugs hf. Samkvæmt umræddum gögnum hefur þessi greiðsla runnið til Íslandsbanka hf. úr sjóðum Baugs hf. og er sögð vera vegna Helgu Gísladóttur.

- Skjöl málssins nr. II/50.12.3 og II/50.12.4

Tryggvi er spurður hvers vegna þessi greiðsla hafi runnið til Íslandsbanka hf.

Tryggvi segir að honum hafi ekki verið kunnugt um það.



Greiðsla að fjárhæð kr. 162.000.000, sem greiða átti með skuldabréfi (greitt með láni)

Tryggva er sýnt afrit af símbréfi Kaupþings hf. til Baugs hf. vegna láns til Baugs hf. að fjárhæð kr. 162.000.000, dags. 30. júní 1999; afrit af bókunarblaði vegna fjárhæðarinnar 162.000.000, dags. 30. júní og afrit af útprentun úr bókhaldi Baugs hf. með upplýsingum um skammtímalán að fjárhæð kr. 162.000.000, dags. 2. og 7. júlí 1999. Tryggva er kunngert að grunur sé um að þessi greiðsla hafi ekki farið fram með skuldabréfi, heldur hafi hún verið greidd með láni frá Kaupthingi Luxembourg, sem síðan hafi verið gert upp með hlutabréfum – þeim hinum sömu og notuð voru til að gera upp víxil að fjárhæð kr. 150.000.000 og fara átti fram 1. mars 1999 á grundvelli kaupsamningsins frá 7. október 1998.

- Skjöl málssins nr. II/50.13.1, II/50.13.2 og II/50.13.3

Tryggvi er spurður hvort greiðsla að fjárhæð kr. 162.000.000, sem greiðast átti með skuldabréfi, hafi verið fjármögnuð með þessum hætti.

Tryggvi segir að muni það ekki sérstaklega, en hins vegar þekki hann undirritun sína á lánsbeiðni Kaupþings hf. Greiðslan hafi síðan farið til að greiða kaupverð á hlutabréfum í Baugi til Helgu.

Gögn vegna greiðslu með hlutabréfum í Baugi að nafnverði kr. 65.000.000

Tryggva er sýnt afrit af hreyfingalista í hlutaskrá Baugs hf. v/ Fjárfars ehf. frá 30. júní 1999 til 20. september 2000; afrit af minnisblaði vegna aukaaðalfundar Baugs hf., haldinn 24. júní 1999 – tillaga um aukningu hlutafjár í Baugi hf. og afrit af minnisblaði vegna flutnings Baugs hf. í bankaviðskipti við Íslandsbanka, dags. 10. júní 1999. Tryggva er samhliða téðum gögnum sýnt afrit af fundargerð hluthafafundar Baugs hf., dags. 24. júní 1999. Tryggva er kunngert að samkvæmt umræddum gögnum hafi hluthafar Baugs hf. samþykkt að auka hlutafé í félaginu um kr. 82.500.000 að nafnverði, sem nota átti sem gagngjald fyrir hlutabréf í Vörnuveltnni hf. Tryggva er kunngert að fyrir liggi að hlutabréf að nafnverði kr. 65.000.000 í Baugi hf. hafi runnið til Fjárfars ehf. eða að markaðsvirði kr. 650.000.000 og hlutabréf að nafnverði kr. 17.500.000 eða markaðsvirði kr. 175.000.000 hafi runnið til Íslandsbanka. Fyrir liggur að þessi hlutabréf hafi verið fengin með aukningu hlutafjár í Baugi hf. samkvæmt aukahlutahafafundi frá 24. júní 1999.

- Skjöl málssins nr. II/50.14.1, II/50.14.2, II/50.14.3, II/50.14.4 og II/50.14.2

Tryggvi er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Tryggvi segir að hann rámi í að bréfin hafi verið fjármögnuð með þessum hætti. Aðspurður segir Tryggvi að 17,5 milljónir að nafnverði hafi runnið til Íslandsbanka hf. vegna kaupa á bréfum Íslandsbanka í Vörnuveltnni.

Sölusamningur, dags. 5. júní 1999

Tryggva er sýnt afrit af sölusamningi Helgu Gísladóttur vegna sölu og afsals á 25 % hlutafjáreignar í Vörnuveltnni hf. til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, dags. 5. júní 1999 – kaupverð kr. 297.500.000. Samkvæmt téðum samningi hefur Jón Ásgeir Jóhannesson keypt 25 % hlutafé í Vörnuveltnni hf. Kaupverðið er sagt kr. 297.500.000 og átti að greiðast með eftirfarandi hætti:

- Skjöl málssins nr. II/50.15

- | | | |
|--|-----|----------------|
| 1. Kaupandi hefur þegar greitt með peningum | kr. | 287.500.000,00 |
| 2. Kaupandi greiðir með hlutabréfum í Baugi h. f. að | | |



nafnvirði kr. 5.000.000.00. Bréfin afhendast seljanda þegar Apótekið eign Gaums hf. hefur verið metið inn í Baug h. f. (ágúst 1999)	"	5.000.000.00
3. Kaupandi greiðir með hlutabréfum í Baugi h. f. að nafnvirði kr. 5.000.000.00. Bréfin afhendast seljanda í október 2000	"	5.000.000.00
	<u>Samtals kr.</u>	<u>297.000.000.00</u>

Tryggvi er spurður hvort hann þekki til þessa samnings.

Tryggvi segir að hann þekki ekki til þessa samnings, en útilokar þó ekki að hann hafi séð hann í rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Tryggvi er spurður hvort stjórn Baugs hf. hafi verið kunnugt um þennan samning.

Tryggvi segir að hann vilji ítreka að hann hafi á þessum tíma verið staddur í útlöndum og viti því ekki hvort hann hafi verið kynntur stjórn Baugs hf.

Greiðslur með hlutabréfi að nafnverði kr. 10.000.000

Tryggva er sýnt afrit af samantekt innri endurskoðunar Baugs Group hf. á viðskiptahreyfingum í eldra hlutabréfakerfi Baugs Group hf. vegna viðskiptamannsins Helgu Gísladóttur – kaup á hlutabréfi, dags. 10. desember 1999 – nafnverð viðskipta kr. 10.000.000.

- Skjal málssins nr. II/50.15.1

Tryggva er kunngert að grunur sé um að samningurinn hafi verið gerður til að ljúka endanlegu uppgjöri vegna viðskipta milli hans og hjónanna Eiríks Sigurðssonar og Helgu Gísladóttur, sem hófust með samningi 7. október 1998. Grunur er um að þessi samningur hafi tryggt hjónunum hækkan á söluverði Vöruveltunnar hf. um kr. 100.000.000 eða sem samsvarað hafi hlutum í Baugi hf. að nafnverði kr. 10.000.000 miðað við markaðsverð á genginu 10.

Tryggvi er spurður um afstöðu til þessa.

Tryggvi segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þetta.

Tryggvi er spurður hvort stjórn Baugs hf. hafi verið kunnugt um að þessi hlutabréf hafi runnið til hjónanna Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar.

Tryggvi segir að honum hafi ekki verið kunnugt það, enda hafi honum ekki verið kunnugt þessar greiðslur. Aðspurður segir Tryggvi að honum hafi á þessum tíma ekki verið kunnugt um tilurð þessa félags, Compagnie Financiere S. A.

Samstarfs- og sölusamningur, dags. 5. júní 1999

Tryggva er sýnt afrit af samstarfs- og sölusamningi milli Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar annars vegar og Baugs hf. hins vegar, dags. 5. júní 1999. Umraeddur samningur fól í sér að Helga Gísladóttir seldi Baugi hf. 50 % af hlutafjáreign sinni í Veltunni ehf. fyrir hlutabréf í Baugi hf. að nafnvirði kr. 10.000.000. Umrætt félag mun hafa átt sér stoð í 9. gr. kaupsamnings, dags. 21. maí 1999, um kaup Baugs hf. á 70 % hlutafjár í Vöruveltunni af Helgu Gísladóttur og Fjárfari ehf., en þar segir eftirfarandi:

- Skjal málssins nr. II/50.16 og II/50.9

Helga Gísladóttir og Baugur munu í sameiningu stofna félag með 5 millj. kr. hlutafé sem þau mun [svo] eiga að jöfnu sem hefur það að markmiði að vinna að því að stofna og starfrækja

verslanir undir nafninu 10-11 erlendis. Unnið er að skráningu firmanafnsins í Evróðu [svo], Kanada og Bandaríkjunum og telst sú skráning eign hins nýja sameiginlega félags án sérstaks endurgjalds af hálfu Baugs, en ógreiddur kostnaður vegna skráningarinnar greiðir nýja félagið.

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir þessum samningi; hver hafi verið tilurð hans, tilgangur og hvort hann hafi komið til efnda.

Tryggvi segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þennan samning á þeim tíma þegar hann var gerður, enda þá staddur erlendis. Tryggvi segir honum hafi líklega verið kynntur þessi samningur þegar hann hafi komið aftur til landsins. Tryggvi segir að hann viti ekki betur en þau Helga og Eiríkur hafi fengið umrædd hlutabréf greidd. Aðspurður segir Tryggvi að hann þekki þessa hugmynd, en hins vegar hafi hann aldrei séð ársreikning fyrir þetta félag. Tryggvi segir að aldrei hafi orðið neitt úr þeirri útrás sem e. t. v. hafi verið stefnt að með þessum samningi.

Kl. 11:38 er yfirheyrslu hætt, en ráðgert var að yfirheyrslan mundi ekki standa yfir í lengur en þrjár klukkustundir.

Tryggvi er spurður að lokum hvort hann vilji taka eitthvað sérstaklega fram eða koma á framfæri einhverjum ábendingum eða athugasemdum.

Tryggvi segir að svo sé ekki.


Andri Árnason, verjandi Tryggva, er spurður hvort hann vilji koma á framfæri athugasemdum við framkvæmd yfirheyrsunnar.

Andri segir að svo sé ekki, enda sé yfirheyrsrum um umrædd sakarefni ekki lokið.


Tryggvi hefur lesið skýrsluna yfir. Hann telur skýrsluna rétt bókaða og engu við að bæta.

Yfirheyrslu og yfirlestri skýrslu lokið fimmtudaginn 16. júní 2005 kl. 12 : 04


Yfirlesið staðfest rétt


Tryggvi Jónsson

Skýrslu gerir


Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi

Viðstaddir yfirheyrslu, staðfest rétt


Andri Árnason, hæstaréttarlögmaður

Viðstaddir og þátttakandi við yfirheyrslu


Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	RLS
Skýrslu gerir Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	
Staður og stund: Mánudagur 20. júní 2005 kl. 16:50 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík	V/1.25	
Sakarefní: Rannsókn á ætluðum brotum forráðam. Baugs hf. og skyldra félaga – Vöruveltan hf./Litla fasteignafélagið ehf.		
Sakborningur/grunaður: Tryggvi Jónsson	Kennitala: 140755-2739	
Starf/staða: Fyrverandi aðstoðarforstjóri Baugs hf.	Vinnusími:	
Löghemili: Vesturhúsum 22, 112 Reykjavík	Sími: 567 6363	
Dvalarslaður:	Sími:	

Tryggvi Jónsson er mættur til yfirheyrlu á skrifstofu Ríkislöggreglustjórans samkvæmt boðun. Honum er kunngert um tilefni yfirheyrlunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og skyldra félaga í tengslum við kaup hlutafjár í Vöruveltunni hf. á árunum 1998 og 1999. Enn fremur er til rannsóknar ætluð refsiverð háttsemi er lýtur að kaupum og sölu fasteigna til og frá Litla fasteignafélaginu ehf. á árunum 1998 og 1999.

Tryggvi nýtur réttarstöðu sakbornings við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en hann gegndi starfi aðstoðarforstjóra Baugs hf. á því tímabili sem ætluð brot eru talin hafa verið drýgð.

Tryggva er kunngerð réttarstaðan um að honum sé óskyld að svara spurningum um þá ætluðu refsiverðu háttsemi sem hann verður yfirheyrður um, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Brýnt er fyrir Tryggva að ef hann kjósi að tjá sig um hið ætlaða sakarefní að skýra þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunni að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991.

Aðspurður segir Tryggvi að hann skilji þau ákvæði réttarfarsлага er honum hafa verið gjörð kunn. Með Tryggva er mættur Andri Árnason, hæstaréttarlögmaður og domskipaður verjandi Tryggva við hina opinberu rannsókn málsins.

Tryggva er kunngerð að samkvæmt 3. mgr. 33. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og reglugerðar um réttarstöðu handtekinna manna og yfirheyrluna hjá lögð fyrir Tryggva og svör hans við þeim síðan bókuð eftir honum í óbeinni ræðu. Tryggva verður við yfirheyrluna gefinn kostur á að kynna sér umrædd fyrirliggjandi gögn. Enn fremur verður honum gefinn kostur á að hrekja þær forsendur sem grunur er reistur á og koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

Viðstaddir og þáttakandi í yfirheyrlunni er Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi. Yfirheyrsan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Tryggva og svör hans við þeim síðan bókuð eftir honum í óbeinni ræðu. Tryggva verður við yfirheyrluna gefinn kostur á að kynna sér umrædd fyrirliggjandi gögn. Enn fremur verður honum gefinn kostur á að hrekja þær forsendur sem grunur er reistur á og koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

Fram er haldið yfirheyrlu frá 16. júní 2005.

Tryggvi vill við upphaf yfirheyrlunnar taka það fram að hann hafi mætt til yfirheyrlunnar kl. 16:00 en sökum fjölmíðlaágangs við anddyri hússins að Skúlagötu 21 hafi honum ekki verið það fært að mæta fyrr en nú, kl. 16:50.

06738

Litla fasteignafélagið ehf. – kaup og sala á fasteignum

Ætluð fjárvík og/eða umboðssvik

Tryggva er kunngert að hann sé, ásamt Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, grunaður um að hafa fengið hjónin Grétar Haraldsson og Sólveigu Theodórsdóttur til að kom fram sem stofnendur að einkahlutafélaginu Litla fasteignafélaginu ehf. við stofnun þess 10. desember 1998 og enn fremur eigendur þess fram til a. m. k. 20. maí 1999. Tryggva er kunngert að grunur sé um að fasteignir úr Vöruveltunni hf. hafi verið fluttar úr rekstri félagsins og inn í rekstur Litla fasteignafélagsins ehf. Jafnframt er grunur er um að umræddar fasteignir hafi síðan verið seldar 1. júní 1999 frá Litla fasteignafélaginu, sem þá hafði sameinast Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf., til dóttur- eða hlutadeildarfélags Baugs hf., Fasteignafélagsins Stoða hf. Þær fasteignir sem grunur er um að hafi verið fluttar úr rekstri Vöruveltunnar hf. eru Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langarimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26. Grunur er um að eigendur Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. hafi hagnast á þessum viðskiptum um 140 milljónir króna á kostnað Fasteignafélagsins Stoða hf.

Tryggva er kunngert að með þessari háttsemi sé hann, ásamt Jóni Ásgeiri, grunaður um að hafa drýgt ætlaða refsiverða háttsemi sem er talin kunna varða við XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þá aðallega 248. gr. um fjárvík og/eða 249. gr. um umboðssvik.

Ætluð bókhaldsbrot

Tryggva er enn fremur kunngert að grunur sé um að drýgð hafi verið brot er kunna að varða við ákvæði bókhaldslaga nr. 145/1994, þá aðallega er lýtur að einkahlutafélaginu Litla fasteignafélaginu.

Tryggvi er spurður um afstöðu til þess ætlaða sakarefnis sem honum hefur nú verið kynnt; hvort hann vilji tjá sig sjálfstætt um það, hrekja það eða koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

Tryggvi kveðst mótmæla þessum sakargiftum.

Litla fasteignafélagið ehf.

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir stofnun Litla fasteignafélagsins ehf.

Tryggvi kveðst ekki geta gert grein fyrir stofnun þessa félags. Hann kveðst þó ekki útiloka það að hafa átt einhverja aðkomu að stofnun þess, þó hann minnist þess ekki nú að svo hafi verið. Hann tekur það fram að það geti vel verið að í tengslum við kaup Fjárfars ehf. á eignarhlut í Vöruveltunni ehf. hafi hann haft einhverja aðkomu að þessu félagi. Tryggvi kveðst minnast þess að Eiríkur hafi tekið fasteignirnar út úr Vöruveltunni ehf. og sett inn í þetta félag – Litla Fasteignafélagið ehf. Tryggvi kveðst ráma í þetta en ekki muna það glögglega eftir þessu til að geta gert nánari grein fyrir því.

Tryggva er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Grétars Haraldssonar hjá Ríkislöggreglustjóranum, dags. 4. júní 2005. Grétar var þá beðinn að gera grein fyrir stofnun Litla fasteignafélagsins ehf.:

- Skjal rannsóknargagna nr. IV/53.1

Grétar segir að Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi viljað stofnað félag um rekstur fasteigna Vöruveltunnar hf. og af því tilefni viljað fá hann til að vera í fyrirsvari fyrir félagið og um leið koma fram líkt og þeir hefðu enga aðkomu að félaginu. Grétar segir að ástæða þessa hafi verið að þeir Tryggvi og Jón Ásgeir hafi ekki viljað upplýsa um eignarhald Vöruveltunnar hf. á þessum tíma og að sama skapi ekki þessa fyrirhugaða félags. Grétar segir að hann hafi fallist á að koma fram líkt og hann væri raunverulegur eigandi þessa félags og í framhaldi hafi Litla fasteignafélagið ehf. verið stofnað. Grétar segir að hann hafi enn fremur fengið sambýliskonu sína, Sólveigu Theodórsdóttur, til að koma fram sem eigandi Litla fasteignafélagsins, en hún hafi hins vegar á engan hátt haft aðkomu að þessu félagi nema að nafninu til. Grétar segir að hann

hafi fallist á þetta í þeirri von að fá einverja vinnu út á félagið. Grétar segir að fljótlega hafi verið ákveðið að rita undir skjal þess efnis að þeir Tryggvi og Jón Ásgeir, eða einhver á þeirra vegum, væru raunverulegir eigendur þessa félags, en það skjal hafi þó aldrei verið uppi á borðinu.

Grétar segir að fljótlega eftir stofnun Litla fasteignafélagsins ehf. hafi hann gert samninga við Lýsingum um yfirtöku fjármögnumnarleigusamninga vegna nokkurra fasteigna, sem áður höfðu verið í eigu Vöraveltnar hf. Grétar segir enn fremur að félagið hafi keypt húsnæði að Engihjalla í Kópavogi af félagi í eigu Róborts Árna Hreiðarssonar, lögmanns.

Grétar segir að fljótlega eftir stofnun félagsins hafi Tryggvi Jónsson ráðið framkvæmdastjóra hjá féluginu, Runólf nokkurn, en hann hafi verið smiður sem átt hafi sjá um viðhald fasteignanna. Grétar segir að eftir ráðningu Runólfs hafi þeir að mestu séð um að reka félagið.

Grétar segir að nokkrum mánuðum eftir að Litla fasteignafélagið ehf. var stofnað, líklega um vorið 1999, hafi einhver stúlka kvatt dyra á heimili hans og beðið hann um að afhenda alla pappíra varðandi Litla fasteignafélagið. Grétar segir að þessi stúlka hafi sagt vera komin fyrir hönd Tryggva Jónssonar, sem þá hafi verið staddur í útlöndum. Grétar segir að hann hafi orðið lítt hrifinn af þessu og ekki afhent umrædda pappíra. Grétar segir að nokkrum dögum síðar hafi Tryggvi hringt í hann og viljað að þeir hittust vegna þessa málს. Grétar segir að í framhaldi af því hafi hann hitt Tryggva og afhent honum alla pappíra vegna Litla fasteignafélagsins og þar með hafi hans afskiptum af féluginu lokið. Grétar segir að með þessu hafi Litla fasteignafélagið ehf. í raun verið tekið af honum.

Grétar segir aðspurður að mestmeginnis hafi hans samskipti vegna Litla fasteignafélagsins ehf. verið við Tryggva Jónsson. Aðspurður segir Grétar að hann eigi ekki áður umrætt skjal þess efnis að Tryggi og Jón Ásgeir væru raunverulegir eigendur Litla fasteignafélagsins, en það hafi líklega fylgt pappírum Litla fasteignafélagsins.

Aðspurður segir Grétar að ekki hafi verið búið að færa bókhald þegar félagið var tekið af honum.

Tryggvi er spurður um afstöðu til þessa framburðar Grétars.

Tryggvi kveðst vilja taka það fram að Grétar Haraldsson hafi verið lögfræðingur Eiríks Sigurðssonar og kveðst Tryggvi hafa talið að Grétar væri að “fronta” þetta félag fyrir Eirík, þ.e. að koma fram sem eigandi félagsins fyrir Eirík. Tryggvi kveðst ekkert hafa þekkt til Grétars á þessum tíma og kveðst hafna því alfarið að hann hafi fengið Grétar til þess að vera í forsvari fyrir Litla fasteignafélagið ehf.

Tryggvi kveðst minnast þess að hafa bent Grétari á Runólf Runólfsson. Tryggvi kveðst hafa þekkt til Runólfs á þessum tíma, en Runólfur hafi verið þáverandi nágranni hans. Hann kveðst hafa haft vitnesku um það að Runólfur var á þessum tíma milli vita hvað vinnu varðaði og því bent Grétari á að hann gæti verið góður kostur í starf varðandi viðhald þessara fasteigna, sem Litla fasteignafélagið ehf. hafði yfirtekið frá Vöraveltnni ehf. Tryggvi kveðst vita til þess að Grétar hafi ráðið Runólf til þeirra verka, enda hafi verið kominn tími á viðhald nokkurra þessara fasteigna.

Aðspurður um þann fund sem Grétar sé að vísa til að hann hafi átt með Tryggva þá kveðst Tryggvi minnast þess að hafa hitt Grétar nokkrum sinnum í tengslum við Litla fasteignafélagið ehf. Hann kveðst ekki minnast þessa fundar sérstaklega sem Grétar sé að vísa til.

Tryggva er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar hjá Ríkislöggreglustjóranum, dags. 16. júní 2005. Þar var þessi sami framburður Grétars borinn undir Jón Ásgeir:

- Skjal rannsóknargagna nr. óskjalmerkt



Jón Ásgeir segir að rétt sé að Grétar hafi stofnað þetta félag og í meginþráttum sé framburður Grétars réttur. Hins vegar sé rangt að félagið hafi verið tekið af Grétari Haraldssyni. Aðspurður segir Jón Ásgeir að hann hafi ekkert frekar um það að segja.

Tryggvi er beðinn um að taka afstöðu til þessa.

Tryggvi kveðst ekkert hafa um þennan framburð Jóns Ásgeirs að segja og tekur það fram að hann hafi ekki þekkt til hugsanlegra samskipta Grétars og Jóns Ásgeirs á þessum tíma, hafi þau einhver verið.

Gögn frá hlutafélagaskrá um Litla fasteignafélagið ehf.

Tryggva er sýnd samantekt Ríkislöggreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar o. fl. í Litla fasteignafélaginu ehf. Umrædd samantekt er byggð á gögnum er Ríkislöggreglustjórimm aflaði hjá hlutafélagaskrá. Samkvæmt umræddum gögnum virðast þau Grétar Haraldsson og Sólveig Theodórsdóttir hafa stofnað einkahlutafélagið Litla fasteignafélagið ehf. 10. desember 1998. Samkvæmt umræddum gögnum virðist Grétar Haraldsson hafa við stofnun félagsins tekið sæti í stjórn félagsins og Sólveig Theodórsdóttir í varastjórn þess. Endurskoðun félagsins við stofnun er sögð í höndum KPMG Endurskoðunar hf. og ritar Aðalsteinn Hákonarson fyrir því. Aðalstarfsemi félagsins er sögð eign og rekstur fasteigna.

- Skjöl málsins nr. II/25.7.0 og 25.7.1 til 25.7.12

Tryggva er enn fremur sýnt afrit af tilkynningu til hlutafélagaskrár um breytingu á heimilisfangi Litla fasteignafélagsins ehf. og á skipan stjórnar félagsins, dags. 20. maí 1999. Samkvæmt umræddri tilkynningu hafa tekið sæti í stjórn 20. maí 1999 Tryggvi Jónsson, stjórnarformaður, Linda Jóhannsdóttir, varamaður og Runólfur Runólfsson ráðinn framkvæmdastjóri.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.7.7

Tryggvi er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Tryggvi segir svo vera.

Tryggva er kunngert að samkvæmt samantekt Ríkislöggreglustjórans hafi þessi skipan stjórnar verið í féluginu til 4. október 1999, en þá hafi tekið sæti í stjórn félagsins þau Kristín Jóhannesdóttir, formaður stjórnar og Ragnar Þórhallsson, varamaður.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.7.8

Tryggvi er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Tryggvi kveðst telja þetta réttar upplýsingar og geri engar athugasemdir við þær.

Tryggvi er beðinn um að gera nákvæma grein fyrir aðdraganda þess að hann hafi tekið sæti stjórnarformanns Litla fasteignafélagsins ehf.

Tryggvi kveðst ekki muna mjög nákvæmlega eftir aðdraganda þess, enda sé langt um liðið. Hann kveðst því ekki muna það nú hver hafi leitað til hans með það að hann tæki sæti stjórnarformanns Litla fasteignafélagsins ehf. Það kunni að vera að á þeim tíma hafi staðið til að Stoðir ehf. myndi yfirtaka Litla fasteignafélagið og af því tilefni hafi verið leitað til hans um að taka sæti stjórnarformanns. Einnig kunni að vera að forsvarsmenn Gaums ehf. hafi leitað til hans, enda kveðst Tryggvi hafa séð um fasteignamál Baugs á þessum tíma. Tryggvi segir að það hafi án efa legið fyrir að þessar fasteignir myndu renna inn í Stoðir með einum eða öðrum hætti og þar sem hann hefði haft umsjón með þessum fasteignakaupum Baugs hafi það legið beinast við að hann kæmi að þessu ferli.

Tryggvi er spurður hvernig eignarhaldi í félaginu hafi verið háttáð á þessum tíma.

Tryggvi kveðst ekki vita það með vissu, en viti þó ekki betur en að Grétar Haraldsson hafi verið eigandi Litla fasteignafélagsins.

Tryggva er sýnt afrit af tilkynningu til hlutafélagaskrár um að Runólfur Þ. Runólfsson hafi verið ráðinn framkvæmdastjóri Litla fasteignafélagsins ehf., mótttekið 20. janúar 1999.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.7.6

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir hvernig hafi verið staðið að þessari ráðningu.

Tryggvi kveðst vísa til þess sem hann hafi þegar greint frá varðandi ráðningu Runólfss Þ. Runólfssonar.

Tryggva er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Runólfss Þórs Runólfssonar hjá Ríkislöggreglustjóranum, dags. 1. júní 2005. Runólfur var þá beðinn að gera grein fyrir hvernig hefði verið staðið að ráðningu hans hjá Litla fasteignaféluginu ehf.:

- Skjal rannsóknargagna nr. IV/50.1

Runólfur segir að upphaf þess máls megi rekja til þess að Tryggvi Jónsson hafi komið að máli við hann og spurt hann hvort hann vildi taka að sér starf er lotið hafi að eftirliti og viðhaldi á fasteignum í eigu Litla fasteignafélagsins ehf. Runólfur segir að á þeim tíma hafi Tryggvi verið nágranni hans og þeir hafi því lítillega þekkst. Runólfur segir að hann hafi samþykkt að taka það að sér og í framhaldi af því hafi Grétar Haraldsson sett sig í samband við hann og beðið hann þessa. Runólfur segir að hans starf hafi átt að felast í því að sem áður segir að hafa eftirlit með fasteignum og sjá um viðhald þeirra. Enn fremur hafi starf hans átt að snúast um samskipti við leigjendur. Runólfur segir að ekki hafi verið um fullt starf að ræða, heldur hlutastarf sem hann hafi sinnt samhliða leigubriefiðaakstri.

Runólfur segir að leitað hafi verið til hans vegna reynslu sinnar af smíðavinnu, en alveg klárt sé að hann hafi ekki verið að taka að sér skrifstofustarf hjá Litla fasteignaféluginu ehf., enda hafi kunnátta hans í að færa bókhald og þvíumlíkt ekki verið mikil. Runólfur segir að það hafi aldrei verið fyrirhugað að hann tæki að sér bókhald félagsins eða þvíumlíkt.

Tryggvi er spurður um afstöðu til þessa framburðar Runólfss.

Tryggvi kveðst ekki gera neinar athugasemdir við þennan framburð Runólfss.

Gögn um samruna Litla fasteignafélagsins ehf. við Fjárfestingafélagið Gaum ehf.

Tryggva er sýnt afrit af tilkynningu KPMG Endurskoðunar ehf. til hlutafélagaskrár um samruna Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. og Litla fasteignafélagsins ehf., dags. 31. maí 2000 – mótttekið 26. júní 2000.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.7.9

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir þessum samruna; hvernig fjárhagslegum samruna hafi verið háttáð, aðkomu hans að þessum samruna og hver tilgangur hans hafi verið.

Tryggvi kveðst ekki minnast þess að hafa komið að þessu samrunaferli með beinum hætti. Hann kveðst vísa því til hluthafa félaganna, þ.e. Gaums ehf. og Litla fasteignafélagsins ehf. að skýra þennan samruna.

Tryggva er sýnt afrit af kvittun um að Gaumur hf. hafi greitt Solveigu Theodórsdóttur og Grétari Haraldssyni andvirði hlutafjáreignar í Litla fasteignaféluginu ehf., dags. 31. desember 1999. Samkvæmt téðu skjali hefur Gaumur hf. greitt þeim Grétari og Solveigu kr. 500.000 fyrir hlutafé Litla fasteignafélagsins ehf.

- Skjöl málins nr. II/50.26.1

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir þessu skjali.

Tryggvi kveðst ekki minnast þess að hafa séð þetta skjal áður og geti á engan hátt gert grein fyrir því, en skjalið sjálfst beri með sér að Grétar sé seljandi hlutafjárins.

Tryggva er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Grétars Haraldssonar hjá Ríkislöggreglustjóranum, dags. 4. júní 2005. Grétar var þá beðinn að gera grein fyrir þessu skjali:

- Skjal rannsóknargagna nr. IV/53.1

Grétar segir að hann muni ekki eftir þessu skjali, en það sé dagsett löngu eftir að hann hafi hætt afskiptum af félagini. Grétar segir að þetta sé líklegast það skjal sem hann hafi vísað áður í; þess efnis að Tryggi [svo] og Jón Ásgeir væru raunverulegir eigendur Litla fasteignafélagsins. Grétar segir að hann hafi aldrei fengið greitt samkvæmt þessu og hafi þetta skjal aðeins verið útbúið til málamynnda.

Tryggvi er spurður um afstöðu til þessa framburðar Grétars.

Tryggvi kveðst hafna þessum framburði Grétars um að hann (Tryggvi) hafi verið raunverulegur eigandi Litla fasteignafélagsins með Jóni Ásgeiri. Tryggvi bendir á að samkvæmt skjalinni sé það Gaumur hf. sem á að hafa greitt þessa fjárhæð til Grétars og kveðst Tryggvi ekki eiga neinna hagsmunu að gæta í Gaumi.

Tryggva er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Aðalsteins Hákonarsonar hjá Ríkislöggreglustjóranum, dags. 31. maí 2005. Gögn frá hlutafelagaskrá um Litla fasteignafélagið ehf. voru þá borin undir Aðalstein og hann spurður hvort þær upplýsingar væru réttar:

- Skjal rannsóknargagna nr. IV/35.2

Aðalsteinn segir að þessar upplýsingar séu réttar. Aðalsteinn segir að stofnun þessa félags hafi borið að með sams konar hætti og stofnun Fjárfars ehf., þ. e. að Tryggvi Jónsson hafi leitað til hans og beðið hann stofna félagið og annast endurskoðun þess. Aðalsteinn segir að hann reki ekki minni til að hafa nokkurn tímamann hitt þau Grétar Haraldsson og Sólveigu Theodórsdóttur. Aðalsteinn segir að hann hafi annast gerð ársreiknings félagsins í eitt skipti, þ. e. vegna ársins 1998, en félagið hafi síðan verið sameinað einu félaga í eigu Baugs hf. á árinu 1999. Aðalsteinn segir að hann reki minni til að einhver fasteignakaup hafi átt sér stað á þessu fyrsta rekstrarári félagsins. Aðspurður segir Aðalsteinn að hann hafi mjög lítið verið í samskiptum við Tryggva vegna rekstrar þessa félags, heldur hafi yfirleitt verið leitað til framkvæmdastjóra félagsins, Runólfs Runólssonar. Aðspurður segir Aðalsteinn að Runólfur hafi annast gagnaöflun við gerð ársreiknings og þess háttar.

Tryggvi er spurður um afstöðu til þessa framburðar Aðalsteins.

Tryggvi segir að hann minnist þess ekki sérstaklega að hafa rætt við Aðalstein varðandi stofnun Litla fasteignafélagsins ehf. Hins vegar sé hugsanlegt að þetta félag hafi verið stofnað um svipað leiti og Fjárfar ehf. og Tryggvi þá hugsanlega spurður hvort hann gæti haft milligöngu um að fá Aðalstein Hákonarson til að stofna félagið og annast endurskoðun þess. Aðspurður kveðst Tryggvi ekki geta svarað því hver hafi leitað til hans um þessa milligöngu, hann muni það ekki.

Ársreikningur Litla fasteignafélagsins ehf. 1998

Tryggva er sýndur afritaður ársreikningur Litla fasteignafélagsins ehf. vegna 1998. Samkvæmt téðum ársreikningi, sem áritaður er fyrirvaralausri áritun af hálfu Aðalsteins Hákonarsonar, endurskoðanda og undirritaður er af Grétari Haraldssyni fyrir hönd stjórnar félagsins, dags. 3. ágúst 1999. Samkvæmt ársreikningnum nam tap af rekstri félagsins, tímabilið nóv.-des. 1998, 2,6 milljón kr. og eigið fé félagsins

var í árslok neikvætt um 2,1 milljón kr. Einu rekstrartekjur félagsins voru húsaleigutekjur og eignir námu í árslok 378 milljónum kr., en þar af voru fasteignir og lóðir 374 milljónir kr. Umræddar eignir er sagðar eftirfarandi: Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporharmar 3, Langírimi 21-23, Grímsbær og Engihjalli 8.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.19.1

Tryggi er beðinn að gera grein fyrir öllum þeim fasteignum sem Litla fasteignafélagið virðist þarna hafa eignast, þ. e. hvaðan komu þessar eignir, hvernig átti þessi eignamyndun sér stað, hvernig þau viðskipti fóru fram (voru kaupsamningar gerðir), hvernig var verð ákvarðað, hvernig voru fasteignirnar verðmetnar o. s. frv.

Tryggi kveðst ekki geta gert grein fyrir þessu og kveðst vísa því til hluthafa og endurskoðanda Litla fasteignafélagsins ehf. að gera grein fyrir þessu.

Ársreikningur Litla fasteignafélagsins ehf. 1999 og Fjárfestingafélagsins Gaums ehf.

Tryggyva er sínt afrit af óundirrituðum árshlutareikningi Litla fasteignafélagsins ehf. 31. maí 1999 – dags. 17. ágúst 1999. Samkvæmt árshlutareikningnum, sem er fyrir tímabilið janúar-máí 1999, nam hagnaður tímabilsins 1,2 milljónir kr., veltufé frá rekstri nam 2,4 milljónum króna, handbært fé frá rekstri nam 7,7 milljónum króna og eigið fé í lok tímabilsins var neikvætt um 1 milljón kr. Einu rekstrartekjur tímabilsins voru húsaleigutekjur 17,9 milljónir kr. og eignir námu 446 milljónum kr., þar af voru fasteignir og lóðir 440 milljónir kr. Fyrir liggur að félagið var með langtímasamninga um allar fasteignir þess.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.19.3

Tryggyva er enn fremur sínt afrit af óundirrituðum samrunaefnahagsreikningi Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. og Litla fasteignafélagsins ehf. vegna ársins 1999. Samkvæmt ársreikningnum námu rekstrartekjur 179,1 milljón kr., þar af námu húsaleigutekjur 19,5 milljónum kr. og söluhagnaður fasteigna 159,6 milljónum kr. Eigið fé var í árslok jákvætt um 112,4 milljónir kr. og tekjuskattsskuldbinding nam í árslok 45,2 milljónum kr. Eignir námu 157,6 milljónum kr., sem var krafa á Fjárfestingafélagið Gaum ehf.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.19.4

Tryggi er spurður hvort hann hafi komið að gerð þessara ársreikninga.

Tryggi kveðst ekki hafa komið að gerð þessara ársreikninga. Aðspurður kveðst hann ekkert sérstakt hafa um þessa ársreikninga að segja.

Gögn frá hlutafelagaskrá um Fasteignafélagið Stoðir hf.

Tryggyva er sínd samantekt Ríkislöggreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar o. fl. í Fasteignafélagini Stoðum hf. Umrædd samantekt er byggð á gögnum er Ríkislöggreglustjórinna aflaði hjá hlutafelagaskrá. Samkvæmt umræddum gögnum virðast þau Tryggi Jónsson, Linda Jóhannsdóttir og Jón Scheving Thorsteinsson hafa stofnað hlutafélagið Fasteignafélagið Stoðir hf. 3. maí 1999, f.h. Baugs hf. Samkvæmt umræddum gögnum virðist Tryggi Jónsson hafa við stofnun félagsins verið stjórnarformaður, en þau Linda Jóhannsdóttir og Jón Scheving Thorsteinsson verið meðstjórnendur. Framkvæmdastjóri félagsins hefur við stofnun verið Linda Jóhannsdóttir. Endurskoðun félagsins við stofnun er sögð í höndum KPMG Endurskoðunar hf. og ritar Stefnan Hilmarsson fyrir því. Aðalstarfsemi félagsins er sögð vera kaup og sala fasteigna og lausafjármuna, útleiga eigna, verðbréfaviðskipti og annar skyldur rekstur. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum virðist stjórn félagsins hafa verið óbreytt til 25. ágúst 1999 en þá hefur Þórarinn Sveinsson tekið við stjórnarsetu af Jóni Scheving Thorsteinssyni og enn fremur Runólfur Þór Runólfsson ráðinn framkvæmdastjóri félagsins.

- Skjöl málssins nr. II/50.8.0 og II/50.8.1 til II/50.8.15

Tryggi er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Tryggvi kveðst ekki sjá betur en að þetta séu réttar upplýsingar.

Tryggvi er spurður hvernig eignarhaldi í félaginu hafi verið háttað.

Tryggvi segir að Baugur hf. hafi stofnað félagið sem dótturfélag Baugs hf. Tryggvi tekur það fram að á þessum tíma hafi hann ásamt Jóni Scheving verið í viðræðum við Kaupþing og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins FBA um að koma að eignarhaldi í félaginu. Tryggvi segir að raunin hafi orðið sú að Kaupþing hafi komið inn í félagið sem helmingseigandi á móti Baugi hf. Aðspurður kveðst Tryggvi ekki muna það nákvæmlega nú hvenær Kaupþing hafi komið inn í félagið sem helmingseigandi á móti Baugi hf. en það megi eflaust finna því stað í samningi þar að lútandi hjá Baugi hf.

Kaup fasteigna til Litla fasteignafélagsins ehf.

Tryggva er sýnt afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107376 vegna fasteignarinnar að **Langarima 21-23**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 106670 vegna fasteignarinnar að **Laugalæk 2**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107044 vegna fasteignarinnar að **Sporhörmrum 3**, dags. 25. febrúar 1999 og afrit af fyrningarskýrslu 1998 fyrir Litla fasteignafélagið ehf. – úr skattframtali 1998. Allir gerningarnir eru undirritaðir af Grétari Haraldssyni og Solveigu Theodórsdóttur f. h. Litla fasteignafélagsins; af Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni f. h. Tíu ellefu hf. og Eiríki Sigurðssyni og Birni Árnasyni f. h. Vöruveltunnar hf. Samhliða þessum gögnum er Tryggva sýndur afritaður tölvupóstur með yfirskriftinni „Fasteignir“ milli Halldórs Jónssonar, Tryggva Jónssonar og Runólfs Þórs Runólfssonar, dags. 21. október 1999 kl. 16:05, ásamt meðfylgjandi drögum að tveimur kaupsamningum vegna Litla fasteignafélagsins sem send voru með viðhengjum. Kaupsamningsdrög vegna kaupa Litla fasteignafélagsins ehf. á fasteignum Vöruveltunnar hf. voru einnig send með viðhengi tölvupósts með yfirskriftinni „Afsal“, frá Hafsteini Sæmundssyni til Tryggva Jónssonar, dags. 24. ágúst 1999 kl. 13:44.

- Skjöl málssins nr. II/50.17.3 til II/50.17.5 og II/50.23.3

Samkvæmt téðum gögnum og kaupsamningsdrögum hefur Litla fasteignafélagið ehf. keypt fasteignir frá Vöruveltunni hf. fyrir samtals kr. 217.100.000 ásamt yfirsærslu réttinda skv. fjármögnunarleigusamningum seljanda við Lýsingu hf., en umræddar fasteignir voru Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langirimi 21-23 og Grimsbær/Efstaland 26.

Tryggvi er beðinn að gera grein fyrir þessum viðskiptum og skyra aðkomu sína að þeim.

Tryggvi kveðst þurfa að sjá frekari gögn til þess að geta átt að sig á þessum viðskiptum. Hann kveðst ekki muna það nú hvort hann hafi átt beina aðkomu að því þegar umræddar fasteignir voru seldar frá Vöruveltunni hf. til Litla fasteignafélagsins ehf. Tryggvi kveðst ekki muna sérstaklega eftir þessum tölvupótsamskiptum enda sé langt um liðið. Hann kveðst þó ekki rengja þessi tölvupótsamskipti.

Tryggvi er spurður hvernig kaupverð hafi verið ákvarðað og hver hafi ákveðið það.

Tryggvi kveðst hvorki vita hvernig kaupverðið var ákvarðað né hver hafi ákveðið það.

Sala fasteigna frá Litla fasteignafélagini ehf. til Fasteignafélagsins Stoða hf.

Tryggva er sýnt afrit af samkomulagi Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107376 vegna fasteignarinnar að **Langarima 21-23**, dags. 1.



nóvember 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 106670 vegna fasteignarinnar að **Laugalæk 2**, dags. 1. nóvember 1999 og afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107044 vegna fasteignarinnar að **Sporhömrum 3**, dags. 1. nóvember 1999. Samhliða þessum gögnum er Tryggva sýndur afritaður tölvupóstur með yfirschriftinni „Fasteignir“ milli Halldórs Jónssonar, Tryggva Jónssonar og Runólfs Þórs Runólffsonar, dags. 21. október 1999 kl. 16:05 og milli Tryggva Jónssonar og Kristínar Jóhannesdóttur, dags. 28. október 1999 kl. 14:38, 16:05 og 16:25, ásamt meðfylgjandi drögum að tveimur kaupsamningum vegna Litla fasteignafélagsins sem send voru með viðhengjum.

- Skjöl málssins nr. II/50.18.2 til II/50.18.4 og II/50.23.5

Tryggva er enn fremur sýnt afrit af kaupsamningi milli Fasteignafélagsins Stoða hf. (kaupandi) og Litla fasteignafélagsins ehf. (seljandi) um yfirlærrslu eignarréttar fasteigna að Barónstíg 2, Engihjalla 8, Suðurlandsbraut 48, Laugalæk 2, Sporhamra 3, Langarima 21-23 og Efstaland 26, dags. 1. júní 1999. Samkvæmt umræddum samningi hefur Fasteignafélagið Stoðir hf. keypt fasteignir frá Litla fasteignafelaginu ehf. fyrir samtals kr. 604.554.000, en þar af eru fasteignir er áður voru í eigu Vöruveltunnar hf. metnar á kr. 357.204.000 ásamt yfirlærrslu réttinda skv. fjármögnunarleigusamningum seljanda við Lýsingu hf. Umræddar fasteignir voru Barónstígur 2, Engihjalli 8, Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langirimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26. Samkvæmt fyrilliggjandi gögnum er grunur um að verðið hafi miðast við leigu í átta og hálf ár, sbr. tölvupóstskeyti Tryggva Jónssonar til Kristínar Jóhannesdóttur, dags. 28. október 1999 kl. 16:25, en þar segir eftirfarandi:

- Skjöl málssins nr. II/50.18.1 og II/50.23.5

Þegar LF keypti þá var stuðst við bókfært verð. Þegar Stoðir keypti þá var stuðst við leigu í 8,5 ár. Leigufjárhæðir komu frá JÁJ

Tryggvi er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar og beðinn um að gera nánari grein fyrir þessu.

Tryggvi kveðst ekki gera athugasemdir við þessar upplýsingar. Til að gera nánari grein fyrir þessum viðskiptum þá segir Tryggvi að viðmiðun kaupverðs við leigu í 8,5 ár sé mjög eðlileg og sambærileg við önnur þau fasteignaviðskipti sem átti hafi sér á þessum tíma. Tryggvi segir að það geti líka verið eðlilegt að styðjast við bókfært verð þegar Litla Fasteignafélagið keypti fasteignirnar frá Vöruveltunni ehf. og hafi slík þróun verið að ryðja sér til rúms á þessum tíma að fyrirtæki í verslunarrekstri færðu fasteignirnar út úr rekstrinum yfir í annað félag og hafi það þá jafnvel verið gert á bókfærðu verði fasteignanna eða samkvæmt skiptingaráætlun, allt eftir vilja hluthafanna.

Varðandi leigufjárhæðir þá kveðst Tryggvi ekkert vita nánar um þær, en tekur það fram að það sé alveg ljóst að Kaupþing hafi ekki komið inn sem helnings hluthafi í Stoðir ef kaupverð þessara fasteigna hefði verið óeðlilega hátt, nema þá að tekið væri tillit til þess í kaupverði.

Aðspurður kveðst Tryggvi ekki muna það nú hvaðan hann hafi fengið þær upplýsingar sem hann setti fram í tölvupóstinum til Kristínar Jóhannesdóttur.

Tryggva er sýnt afrit af uppgjöri vegna kaupsamnings dags. 1. júní 1999 milli Fasteignafélagsins Stoða hf., sem kaupanda og Litla fasteignafélagsins, sem seljanda, ódagsett og afrit af reikningsyfirlitum Íslandsbanka á reikningi Gaums nr. 0527-26-1099 vegna innborgana að fjárhæð kr. 50.000.000, dags. 7. september 1999; kr. 10.000.000, dags. 18. október 1999 og kr. 97.606.323, dags. 20. desember 1999.

- Skjöl málssins nr. II/50.18.5 og II/50.18.6

Tryggva er kunngert að samkvæmt téðum gögnum hafi söluhagnaður fasteigna verið tilkominn vegna sölu fasteigna Litla fasteignafélagsins ehf. til Fasteignafélagsins Stoða hf., dags. 1. júní 1999. Samtals hafi söluverðmæti fasteignanna sem áður segir numið 604,6 milljónum kr. og að frádrégnum yfirteknum langtímalánum að fjárhæð 252,7 milljónum kr. skv. kaupsamningi og yfirtöku skammtímaskulda hafi

útborgun numið kr. 157.606.323 og hafi hún runnið inn á bankareikning í eigu Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. sem hér segir:

Dags.	Kr.
07.09.1999	50.000.000
18.10.1999	10.000.000
20.12.1999	97.606.323
Samtals	157.606.323

Tryggvi er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Tryggvi kveðst ekki gera neinar athugasemdir við þessi gögn sem borin eru undir hann. Aðspurður um þær greiðslur sem runnu til Gaums ehf. kveðst Tryggvi vísa til þess samnings sem gerður var um kaup Stoða á þessum fasteignum og þess kaupverð sem þar komi fram. Tryggvi kveðst ekki hafa fylgst nákvæmlega með efndum þess samnings, né hvernig gengið hafi verið frá greiðslum samkvæmt samningnum.

Tryggva er sýnd tafla þar sem teknar hafa verið saman upplýsingar um kaup og sölu allra fasteigna til Litla fasteignafélagsins ehf. á árunum 1998 og 1999. Taflan byggir á tilvísuðum skjölum og þeim gögnum sem honum hefur nú verið kynnt.

Fasteignir: Í þús. kr.	Skjala- númer	Kaupverð 1998	Skjala- númer	Kaupverð 1999	Skjala- númer	Söluverð 01.06.1999	Mismunur
<i>Keypt af Vöruveltunni hf.:</i>							
Suðurlandsbraut 48	II/50.23.5	11.812				14.790	2.978
Laugalækur 2	II/50.17.5	21.032		II/50.18.3	58.038	37.006	
Sporhamrar 3	II/50.17.6	39.324		II/50.18.4	58.038	18.714	
Langarimi 21-23	II/50.17.4	52.432		II/50.18.2	58.038	5.606	
Grímsbær/Efstaland 26		92.500				168.300	75.800
<i>Samtals keypt af Vöruv.:</i>	II/50.23.5 II/50.17.7	217.100				357.204	140.104
<i>Keypt af öðrum:</i>							
Engihjalli 8	II/50.17.7	158.000				183.600	25.600
Barónstígur 2 – kaupár 1999	II/50.17.7		II/50.19.3 (bls. 9)	62.000		63.750	1.750
<i>Samtals</i>	II/50.17.7	375.100		62.000	II/50.18.1 II/50.18.5	604.554	167.454

Tryggva er kunngert að samkvæmt töflunni hafi innborgun til Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. vegna kaupa fasteigna, sem áður voru í eigu Vöruveltunnar hf., numið rúnum 140 milljónum króna, en umræddar fasteignir voru: Suðurlandsbraut 48, Laugalækur, Sporhamrar, Langirimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26.

Tryggvi er spurður um afstöðu til þess.

Tryggvi kveðst ekkert sérstakt hafa um þetta að segja.

Tryggvi er spurður að lokum hvort hann vilji taka eitthvað sérstaklega fram eða koma á framfæri einhverjum ábendingum eða athugasemdum.

Tryggvi kveðst ekkert hafa við framburð sinn að bæta.

Andri Árnason, verjandi Tryggva, er spurður hvort hann vilji koma á framfæri athugasemdum við framkvæmd yfirheyrlunnar.

Andri segir svo ekki vera.

Tryggi hefur lesið skýrsluna yfir. Hann telur skýrsluna rétt bókaða og engu við að bæta.

Yfirheyrslu og yfirlestri skýrslu lokið mánudaginn 20. júní 2005 kl. 20⁰⁰

Yfirlesið staðfest rétt

Skýrslu gerir

Tryggi Jónsson

Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi

Viðstaddur yfirheyrslu, staðfest rétt

Viðstaddur og þáttakandi við yfirheyrslu

Andri Árnason, hæstaréttarlögmaður

Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi